



Árs- og sjálfbærniskýrsla

2022





Efnisyfirlit



1 Svipmynd af Íslandsbanka	4
Þetta er Íslandsbanki Árið 2022	
2 Ávörp	7
3 Saman erum við hreyfiafl til góðra verka	14
Stefna Íslandsbanka Fólkið	
4 Með samvinnu erum við #1 í þjónustu	20
Einstaklingar Viðskiptabanki Fyrirtæki og fjárfestar Íslandssjóðir	
5 Sterkir innviðir sem byggja á fagmennsku	29
Upplýsingatækni Áhættustýring	
6 Sjálfbær Íslandsbanki	34
Umhverfisþættir Félagslegir þættir Stjórnarhættir	
7 Efnahagságrip	53
8 Fjármál og fjármögnun	58
9 Stjórnskipulag	62

Árs- og sjálfbæriskýrsla þessi var samin á íslensku, sé munur á íslensku útgáfu og enskri þýðingu þá gildir íslenska útgáfan. Skýrslan er birt með fyrirvara um villur. Komi í ljós innsláttarvillur, misræmi eða aðrar villur áskilur Íslandsbanki sér rétt til að leiðrétta slíkar villur. Skýrslan er birt í upplýsingaskyni og því skal ekki lítið á hana sem ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu.

Um skýrsluna

Íslandsbanki gefur út samþætta árs- og sjálfbæriskýrslu. Bankinn birtir einnig aðrar skýrslur með viðbótarefni sem ætlað er að veita hagsmunaaðilum frekari upplýsingar um tiltekið efni eins og áhættustýringu, fjárhag bankans og vinnu bankans tengda sjálfbærni.

Saman gefa þessar skýrslur heildstæða og ítarlega mynd af starfsemi bankans á árinu 2022, ásamt helstu áherslum. Skýrslurnar eru unnar í samræmi við alþjóðlegar reglur og staðla eins og alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), UFS leiðbeiningar Nasdaq, Greenhouse Gas Protocol, PCAF aðferðarfræðina (e. Partnership for Carbon Accounting Financials), TCFD viðmið (e. Task Force on Climate-Related Financial Disclosures), íslensk lög og evrópskar reglur.





Árs- og sjálfbærniskýrsla 2022

1 Svipmynd af Íslandsbanka





Þetta er Íslandsbanki

Saman erum við hreyfiafl til góðra verka



Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera **#1 í þjónustu**



Eldmóður



Fagmennska



Samvinna

Bankinn

700
heildarfjöldi
stöðugilda í
lok árs

12
útibú



ergo



Skráður í Nasdaq Iceland kauphöllina
frá júní 2021

Lykiltölur 2022

Arðsemi (ROE) **11,8%**

Kostnaðarhlutfall **42,1%**

Eiginfjárlutfall **22,2%**

Eiginfjárlutfall þáttar 1 **18,8%**

Lausafjárþekjuhlutfall **205%**
Samtæða, allir gjaldmiðlar

Fjármögnunarhlutfall **118%**
Samtæða, allir gjaldmiðlar

Vogunarhlutfall **12,1%**

Heildareignir **1.566 ma. kr.**

Markaðshlutdeild¹



31%
Einstaklingar



36%
Viðskiptabanki



35%
Fyrirtæki og fjárfestar

Lánshæfi og staðfestingar

S&P Global **BBB/A-2**
Ratings Stöðugar horfur



Sjálfbærni



Leiðinni að kolefnishlutleysi fyrir atvinnugreinar skilað til NZBA og CDP upplýsingagjöf vegna loftslagsbreytinga²



Íslandsbanki álitinn leiðandi á sviði sjálfbærni á Íslandi³



Íslandsbanki hlýtur hæstu UFS einkunn (90/100) frá Reitun annað árið í röð

Stafrænir áfangar



Nýr söluvefur fyrir vörur og þjónustu og sjóðfélagavefur Framtíðarauðs auka skilvirkni og samþættingu



Hlutabréfaviðskipti og yfirdráttur fyrirtækja í appinu



Íslandsbanki var fyrstur á íslenskum markaði til að bjóða upp á Google Wallet™

¹Byggt á Gallup könnunum um aðalviðskiptabanka.
²Net-Zero Banking Alliance er alþjóðlegt samstarf banka sem sett hafa sér markmið um kolefnishlutleysi eigi síðar en 2050. CDP er Carbon Disclosure Project.
³Könnun Gallup meðal 300 stærstu fyrirtækja á Íslandi, desember 2022 fyrir Íslandsbanka.

Árið 2022

1F

JANÚAR

Íslandsbanki gaf út **sjálfbær skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra** til þriggja ára.

Greining Íslandsbanka birti **Þjóðhagsspá fyrir 2022-2024.**

FEBRÚAR

Íslandsbanki gaf út **fyrstu niður-stöður mælinga á fjármögnuðum útblæstri** fyrir árin 2020 og 2019, í samræmi við PCAF aðferðafræðina.

MARS

Íslandsbanki **lauk útboði á nýjum flokki sértryggðra skuldabréfa.** Samþykkt tilboð voru 1.620 milljónir króna.

Starfsfólk Íslandsbanka og Íslandsbanki gáfu **fjórar milljónir króna** í neyðarsöfnun Rauða krossins **til stuðnings við fólk á flótta** vegna stríðsátaka í Úkraínu.

Norræni fjárfestingarbankinn og Íslandsbanki undirrituðu **lánasamning að andvirði 87 milljónir bandaríkjadala** til að lána til litilla og meðalstórra fyrirtækja og umhverfisverkefna á Íslandi.

Bankasýsla ríkisins **hóf sölufurð** á hlut ríkissjóðs í Íslandsbanka.

Íslandsbanki tilkynnti um **útgáfu sértryggðra skuldabréfa að fjárhæð 10 milljarðar króna** til eigin nota.

2F

APRÍL

Hraðbankar Íslandsbanka uppfærðir þannig að nú er hægt að **skrá sig inn með rafrænum skilríkjum** fyrir helstu aðgerðir.

Nýr söluvefur auðveldar viðskiptavinum að bæta við sig vörum og þjónustum.

MAÍ

Íslandsbanki afhenti listasöfnum víða um land **56 verk úr listaverkasafni** bankans.

Greining Íslandsbanka birti **uppfærða spá um þróun efnahagsmála 2022-2024.**

JÚNÍ

S&P Global Ratings veitti útgáfuramma Íslandsbanka fyrir **sértryggð skuldabréf lánshefiseinkunnina A.**

Íslandsbanki var ráðgjafi Íþöku fasteigna ehf. og hafði umsjón með **þriggja milljarða króna sölu skuldabréfa og töku til viðskipta við endurfjármögnun** félagsins á hluta lánasafns þess.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka var ráðgjafi Regins hf. við **kaup á fasteignum að andvirði tæplega 5,6 milljarða króna** í miðbæ Reykjavíkur.

Í samstarfi við Íslandsbanka lýkur Brim við **útgáfu sinna fyrstu bláu og grænu skuldabréfa fyrir 5 milljarða króna.**

Fjármálaeftirlitið **lauk árlegu mati sínu á eiginfjárbörf** bankans.

3F

JÚLÍ

Nýr sjóðfélagavefur Framtíðar-auðs gerir **skráningu í séreigna-lífeyrissparnað enn auðveldari.**

Íslandsbanki fékk **hæstu einkunn í UFS mati** Reitunar.

Alþjóðlega fjármálatímaritið Euromoney valdi Íslandsbanka **besta bankann á Íslandi.**

S&P Global Ratings staðfesti lánshefismat Íslandsbanka **BBB/A-2 með stöðugum horfum.**

Íslandsbanki gaf út **áhrifaskýrslu fyrir sjálfbærar fjármálaramma** bankans fyrir árið 2021.

ÁGÚST

Verðbréfamiðlun og Verðbréfaráðgjöf Íslandsbanka **sameinaðar í eina deild.**

Íslandsbanki **innleiddi fyrstur á Íslandi Google Wallet™** sem gerir viðskiptavinum kleift að nota Google Pay™ í snjalltækjum sínum.

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka **fór fram í 37. sinn** eftir tveggja ára hlé vegna heimsfaraldurs COVID-19.

SEPTEMBER

Íslandsbanki **seldi í fyrsta sinn sértryggð skuldabréf í evrum** að fjárhæð 300 milljónir evra til fimm ára.

Greint er frá **skipun í tilnefningarnefnd** Íslandsbanka.

Greining Íslandsbanka gefur út **aðra uppfærslu Þjóðhagsspár fyrir 2022-2024.**

4F

OKTÓBER

Herdís Gunnarsdóttir tók sæti í stjórn Íslandsbanka.

Íslandsbanki **samdi um viðskiptavakt á eftirmarkaði með sértryggð skuldabréf** útgefin af Íslandsbanka og skráð á Nasdaq Iceland.

Íslandsbanki lék lykhlutverk við **söluna á Mílu til Ardian France SA** fyrir 69,5 milljarða króna.

Íslandsbanki hlaut **viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA** fjórða árið í röð.

Hlutabréfaviðskipti **aðgengileg í appi.**

NÓVEMBER

Kolefnishlutleysisskýrsla Íslandsbanka, On the Road to Net-Zero, kom út. Í skýrslunni er farið yfir markmið og árangur bankans á sviði loftslagsmála.

Íslandsbanki gaf út **almenn skuldabréf í norskum og sænskum krónum.**

Bankinn **lauk útboði á grænum almennum** skuldabréfum.

DESEMBER

Íslandsbanki styrkti **15 verkefni úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka** um samtals 40 milljónir króna.

Vörumerki Íslandsbanka var tilnefnt sem eitt sem af **bestu vörumerkjum landsins** í flokki fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri.



Smelltu á fréttina fyrir nánari upplýsingar



Árs- og sjálfbærniskýrsla 2022

2 Ávörp



Ávarp stjórnarformanns

Árið 2022 gekk vel hjá Íslandsbanka þó ýmsar blikur væru á lofti í íslensku og alþjóðlegu efnahagslífi. Bankinn réðst í fjölbreytt verkefni með viðskiptavinum sínum eftir krefjandi ár í heimsfaraldri. Eftir skráningu á markað árið 2021 hélt sala á hlut ríkisins í bankanum áfram. Ríkið seldi nú 22,5% hlut og náði þar fjárhagslegum markmiðum sínum. Segja má að í söluferlinu hafi margt gengið vel þó svo að ákveðnir þættir hefðu betur mátt fara og að salan hafi verið umdeild. Sala hlutabréfa bankans hefur nú skilað ríkissjóði samtals rúmum 108 milljörðum króna. Rekstur bankans hefur gengið afar vel á árinu og afkoma hans verið umfram væntingar og spár.

Ísland hefur gengið í gegnum krefjandi tíma með tilliti til efnahagsmála þar sem meðal annars hefur gætt áhrifa heimsfaraldurs COVID-19 og stríðsátaka í Úkraínu. Hvort tveggja hefur haft áhrif til aukinnar dýrtíðar á heimsvísu. Áhrifin hafa náð til Íslands, en ánægjulegt er að heldur virðist horfa til betri vegar varðandi verðlagshorfur eftir tímabil vaxtahækkana Seðlabanka Íslands. Hækkandi orkuverð hefur haft mikil áhrif víða um heim, þar á meðal í nágrenni löndum okkar. Ísland býr vel með endurnýjanlega orku, þó við förum ekki varhluta af þeim áhrifum sem hækkandi orkuverð hefur á alþjóðaviðskipti.

Endurkoma ferðaþjónustunnar sem lykilútflutningsgreinar á árinu 2022 hefur skipt miklu máli fyrir þjóðarbúið og ört vaxandi gjaldeyrstekjur greinarinnar hafa að verulegu leyti vegið gegn vaxandi halla á vöruviðskiptum á seinni helmingi ársins. Í þjóðhagsspá bankans, sem gefin var út í febrúar 2023 er gert ráð fyrir að útflutningur verði áfram í lykilhlutverki. Þar vegur áframhaldandi fjölgun ferðamanna þungt, ásamt útflutningi hugverka og annarrar þjónustu sem og stórauðnum útflutningi eldisfisks.



“

Árið 2022 gekk vel hjá Íslandsbanka þó ýmsar blikur væru á lofti í efnahagslífi þjóðarinnar og einnig í alþjóðaumhverfinu. Bankinn réðst í fjölbreytt verkefni með viðskiptavinum sínum eftir krefjandi ár í heimsfaraldri.

Finnur Arnason
Stjórnarformaður

Verðbólga náði hámarki

Viðskiptavinir bankans, sem og aðrir fundu vel fyrir áhrifum vaxandi verðbólgu sem náði hámarki á árinu. Gert er ráð fyrir að verðbólga láti undan síga á komandi misserum með hægari hækkun íbúðaverðs og stöðugra innflutningsverðlagi. Um leið er ljóst að talsverð spennan verður áfram á vinnumarkaði og horfur eru á að kaupmáttur launa taki að vaxa á ný strax á næsta ári. Enn er gert ráð fyrir talsverðu aðhaldi Seðlabankans, sem með ákvörðunum sínum á árinu hefur sýnt vilja til að beita þeim verkfærum sem hann hefur í förum sínum, enda töluvert í að verðbólga nálgist 2,5% verðbólguþröng Seðlabankans. Í spá bankans var gert ráð fyrir að stýrivextir Seðlabankans næðu hámarki í sex prósentum á árinu, sem þeir og gerðu með vaxtaákvörðun Seðlabankans í nóvember, og tækju svo að hjaðna á ný þegar liði á árið 2023.

Horfur eru ágætastar

Íslandsbanki hefur sem endranær lagt sig fram um að standa með viðskiptavinum sínum í gegnum óvissutíma í efnahagsmálum og gildir það um öll starfssvið bankans. Þannig hefur bankinn eftir megni komið til móts við óskir fólks og fyrirtækja, meðal annars um breytingar á lánum. Heimili landsins hafa í auknum mæli sótt í fasta vexti fremur en breytilega. Þó Seðlabankinn hafi sætt gagnrýni úr ýmsum áttum fyrir vaxtahækkanir sínar á árinu, verður ekki framhjá því horft að hagstjórnarviðbrögð stjórnvalda, og þar með talið Seðlabankans, áttu stóran þátt í að milda högg faraldursins og annarra óvissuþátta á íslenska hagkerfið síðustu misserin.

Bankinn finnur fyrir miklum krafti hjá viðskiptavinum sínum sem hafa sótt fram af verulegum þrótti á árinu. Þó heimsfaraldurinn hafi verið krefjandi fyrir mörg fyrirtæki þá voru ýmis jákvæð skref tekin til framtíðar. Fyrirtæki tóku mörg hver stór stökk í stafrænni þróun og fleygir tækninni þar fram á miklum hraða. Íslandsbanki er þar engin undantekning og hefur bankinn náð að bæta og einfalda þjónustu við viðskiptavini til muna svo hægt sé að afgreiða nær öll bankaviðskipti í gegnum snjalltæki. Þetta gefur bankanum færi á að nota tíma starfsfólks enn betur til að veita persónulegri og ítarlegri ráðgjöf þegar teknar eru stærri ákvarðanir.

Sala á 22,5% hlut

Íslandsbanka hefur líka borið töluvert á góma í opinberri umræðu á árinu vegna sölunnar á 22,5 prósentu hlut ríkisins í bankanum í mars. Íslandsbanki var meðal söluráðgjafa í ferlinu, en eins og fram hefur komið stýrði Bankasýsla ríkisins sölnunni. Þegar litið er til baka var margt sem draga má lærdóm af, en í skýrslu Ríkisendurskoðunar kom fram að salan hafi verið ríkinu hagfelld, en samtals hefur ríkið fengið í sinn hlut 108 milljarða króna, þar af um fimmtung frá erlendum fjárfestum. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur skilað til bankans frumdrögum vegna athugunar á framkvæmd Íslandsbanka á sölnunni í mars. Ljóst er að í ákveðnum þáttum hefði bankinn átt að standa sig betur. Bankinn hefur óskað eftir því að ljúka málinu með sátt og mun upplýsa um niðurstöðu þess þegar því lýkur.

Góður rekstur

Almennt hefur árið verið Íslandsbanka hagfelld og góður rekstur bankans endurspeglar stöðugt og gott lánasafn hans. Arðsemi eigin fjár bankans hefur verið yfir markmiðum bankans og einnig yfir spám greiningaraðila í upphafi árs. Tekjur af kjarnastarfsemi bankans hafa haldið áfram að vaxa um leið og dregið hefur úr kostnaði. Gæði eigna Íslandsbanka eru mikil og útlán bankans með góða veðstöðu. Rekstur bankans er ábyrgur og áhersla lögð á sjálfbærni á öllum sviðum. Þá er trú okkar að íslenskt efnahagslíf verði áfram þróttmikið og í þeim efnum leggst Íslandsbanki á árar með viðskiptavinum sínum.

Þakki til starfsfólks

Það var ánægjulegt að taka sæti í stjórn Íslandsbanka með þeim öflugum hópi sem í stjórninni situr. Öll höfum við fundið fyrir þeim mikla krafti og eldmóð sem býr í Íslandsbankafólki undir öruggri stjórn Birnu Einarsdóttur. Stjórnendur bankans eiga þakki skildar fyrir trausta forystu í fjölbreyttum verkefnum bankans sem endurspeglast í góðri afkomu og sterkari stöðu hans frá ári til árs. Þá vil ég að lokum færa starfsfólki bankans sérstakar þakki fyrir þeirra ómetanlega framlag á árinu 2022. Íslandsbanki stendur styrkum fótum og heldur áfram að vera hreyfiafl til góðra verka. Framtíðin er björt.

Ávarp bankastjóra

Við getum verið stolt af árangri Íslandsbanka á árinu 2022. Rekstur bankans er traustur og við höfum náð að halda kostnaði í skefjum þrátt fyrir verðlagshækkunar. Gæði eigna eru mikil og lánasafn bankans gott. Íslenskt efnahagslíf heldur áfram að vera þróttmikið á umbrotatímum og bankinn mikilvægt hreyfiafl á slíkum tímum.

Erum í fararbroddi

Bankinn leggur sig fram um að vera í fararbroddi í notkun nýjustu tækni, en stafrænir ferlar bankans eru leiðandi á evrópskan mælikvarða. Þannig tók vörusala og þjónusta bankans stakkaskiptum þegar bankinn kynnti til leiks nýjan söluvef fyrir vörur sínar, þar sem viðskiptavinir gátu með einni auðkenningu hafið viðskipti með innlána-, kredit- og útlánavörur bankans. Þá var Íslandsbanki fyrstur til að innleiða Google Pay sem greiðslulausn á íslenskum markaði. Við kynntum einnig sjálfbæran sparnaðarreikning fyrir einstaklinga á árinu og fyrsta alstafræna innlánareikninginn, Ávöxtun. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á Ávöxtun og hafa innlán þar margfaldast frá því við höfum markaðsstarf.

Hugbúnaðarþróun Íslandsbanka í Varsjá hóf fulla starfsemi á síðasta ári og við sjáum aukinn slagkraft með þeirri einingu sem styður við Upplýsingatæknisvið bankans. Á árinu 2023 verður stafræn áhersla Íslandsbanka á nýtingu gagna til ákvarðanatöku og aukna sjálfsafgreiðslu á sviði útlána og í þjónustu við fyrirtæki. Með auknu samstarfi sviða og með aukinni nýtingu gagna sjáum við mikil tækifæri í stafrænni en persónulegri þjónustu.



“

Bankinn leggur sig fram um að vera í fararbroddi í notkun nýjustu tækni, en stafrænir ferlar bankans eru leiðandi á evrópskan mælikvarða.

Birna Einarsdóttir
Bankastjóri

Staða bankans er sterk

Innlán eru stærsti einstaki fjármögnunarpáttur bankans og héldu þau áfram að vaxa á árinu. Bankinn fjármagnar sig jafnframt með útgáfu skráðra skuldabréfa hér heima sem og á erlendum mörkuðum. Í kjölfar stríðsátaka í Úkraínu, aukinnar verðbólgu og versnandi efnahagsástands í heiminum versnuðu aðstæður á erlendum skuldabréfamörkuðum til muna og hafa þær ekki verið jafn krefjandi í áratugi. Bankinn sýndi engu að síður styrk sinn og náði að dreifa heildsölufjármögnun sinni enn frekar meðal annars með sinni fyrstu útgáfu á sértryggðum skuldabréfum í evrum, með lántöku frá Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) og með sinni fyrstu útgáfu á vikjandi skuldabréfum í íslenskum krónum.

Við fögnuðum ýmsum sigrum stórum sem smáum á árinu. Lok sölu Símans á Milu til Ardian France SA var stór áfangi fyrir okkur því þar var Íslandsbanki í lykilhlutverki. Það gekk vel í fjárfestingarbankastarfsemi og var salan stærsta verkefni bankans á árinu og endurspegladi hún getu bankans til að leiða og samþætta fjölbætt verkefni, því um var að ræða einu stærstu erlendu fjárfestingu sem átt hefur séð stað á Íslandi um árabil.

Á árinu var mikill vöxtur í húsnæðislánum hjá Íslandsbanka. Raunar merktum við mikinn þrótt og eftirspurn eftir nýjum lánum jafnt hjá öllum sviðum bankans og hjá Ergo, fjármögnunarpjónustu bankans. Yfir árið jukust ný útlán til viðskiptavina bankans um 9,2%, en í þeirri aukningu vega húsnæðislán, lán til ferðapjónustu og framkvæmdafjármögnun þýngst. Eins var vöxtur innlána kraftmikill, eða um 6%, og hafa innlán bankans þá vaxið um 28% frá árslokum 2019.

Á árinu lögðum við líka áherslu á að hækka hlutfall UFS áhættumetinnar útlánaáhættu úr 34% í 70%, en þá er horft til lána til stærri fyrirtækja, en ekki einstaklinga. UFS stendur fyrir umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti. Þessu markmiði náðum við á árinu.

Markaðshlutdeild Íslandsbanka í þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki hefur í gegnum árin endurspeglad sterka stöðu bankans á því sviði. Við hófum á árinu nýja herferð til kynningar á þjónustu okkar við lítil og meðalstór fyrirtæki undir yfirskriftinni „Þitt fyrirtæki í aðalhlutverki“ og vísum til þess hvernig árangur bankans og viðskiptavina hans fer saman.

Á árinu gerðum við skipulagsbreytingar þar sem öll miðlun verðbréfa og ráðgjafar voru sameinuð á einn stað undir merkjum Verðbréfamiðlunar með það að markmiði að auka slagkraft bankans á verðbréfamarkaði og efla vörubrúun. Þrátt fyrir krefjandi markaðsaðstæður hefur stórsókn bankans í Eignastýringu gengið vel og sjáum við stöðugt fleiri nýta sér þá þjónustu bankans.

Við veittum fyrstu lánin í samstarfi við Fyrirtækjalánasjóð á vegum Íslandssjóða, sem uxu og juku umsvif sín á árinu. Áskrifendum í sjóðum fjölgaði um 25% og eru nú um 2.800, samanborið við 2.200 árið 2021. Sparnaður heimila hefur haldið áfram að aukast og hefur töluverður hluti af þeim sparnaði komið inn í sjóði, en eignir í stýringu Íslandssjóða hafa aldrei verið meiri. Rafræn viðskipti jukust um 7% á árinu hjá Íslandssjóðum, en nærri helmingur viðskipta fer nú fram í gegnum Íslandsbankaappið. Þá eru Íslandssjóðir leiðandi í ábyrgum fjárfestingum og voru tölur um fjármagnaðan útblástur þeirra í fyrsta sinn gefnar út á árinu.

Leggjum áherslu á jafnréttismál

Jafnréttismál í viðum skilningi skipta Íslandsbanka máli. Þar er undir jafnrétti kynjanna, þátttaka og aðgengi allra. Á árinu hafa sést fréttir af bakslagi í viðhorfi til minnihlutahópa. Við þurfum að vera á varðbergi og sporna gegn mögulegu bakslagi á sviði jafnréttismála – ekki bara þegar kemur að mannauði bankans heldur líka gagnvart viðskiptavinum og vöruframboði.

Bankinn vinnur markvisst að því að auka þekkingu, færni og áhuga á fjármálum með því að bjóða upp á aðgengilega og áhugaverða fræðslu um fjármál. Hún er líka í boði á ensku, auk þess sem haldnir hafa verið sérstakir fræðslufundir fyrir flóttafólk. Þá var fræðslu beint sérstaklega að fólki á aldrinum 16 til 25 ára á fjárfundanámskeiði í byrjun ársins. Íslandsbanki leggur sig líka fram um þjónustu við innflytjendur og að hægt sé að nota bæði app og netbanka Íslandsbanka á ensku og pólsku.

Eins hefur Íslandsbanki beitt sér fyrir því að auka hlut og áhuga kvenna á sviði fjárfestinga. Bankinn hlaut á árinu viðurkenningu Jafnvægisvogar Félags kvenna í atvinnulífinu fjórða árið í röð sem var mikill heiður. Þetta hvetur okkur áfram á þeirri braut að hlúa að jafnréttismálum. Jafnframt var einstaklega ánægjulegt að sjá fullan sal gesta á fundi okkar um konur og fjármál. Bankinn hefur haldið reglulega fundi tengda jafnréttismálum síðan 2015 og hafa þeir verið sóttir af yfir tvö þúsund konum.

Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka vann á árinu að því markmiði sínu að hvetja til nýsköpunar og þróunar og úthlutaði í byrjun desember 40 milljónum króna til 15 frumkvöðlaverkefna. Skilyrði fyrir styrkveitingu er

að verkefni stuðli að þeim fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem Íslandsbanki hefur valið að leggja sérstaka áherslu á. Á undanförunum árum hefur sjóðurinn styrkt margvísleg verkefni um 165 milljónir króna.

Sjálfbærni er lykiláhersla

Saga Íslandsbanka nær allt aftur til ársins 1875, en á upphafsárum starfseminnar átti bankinn meðal annars þátt í að efla sjávarútveg og var lyftistöng fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Bankinn hefur því frá upphafi verið hreyfiafl í samfélaginu og frá 2014 hefur sjálfbærni verið ein af stefnuáherslum bankans. Niðurstaða stefnumótunarvinnu árið 2019 setti svo sjálfbærni og jákvæð samfélagsáhrif sem hlutverk bankans; að vera hreyfiafl til góðra verka.

Tengslin milli sjálfbærni og þjónustu eru að styrkjast og æ fleiri fyrirtæki hafa farið í naflaskoðun og gert breytingar til að þau geti, líkt og Íslandsbanki, verið hreyfiafl til góðra verka. Það skiptir máli að öll leggi sitt á vogarskálarnar en það gladdi okkur sérstaklega að sjá Íslandsbanka skara fram úr þegar horft er til sjálfbærnimála. Um 55% nefndu Íslandsbanka sem leiðandi á sviði sjálfbærni í könnun meðal 300 stærstu fyrirtækja landsins og sífellt fleiri fyrirtæki líta á þetta sem mikilvægan hlut í rekstrinum.

Áhugi viðskiptavina á sjálfbærnivörum sést víða í bankanum. Könnun Gallup í byrjun árs sýnir þetta greinilega. Spurt var hvort það skipti fólki máli að aðalviðskiptabanki þess væri leiðandi á sviði sjálfbærni. Í síðustu könnun sögðu sex af hverjum tíu, að það skipti

miklu máli, sem er nærri tvöföldun frá fyrra ári þegar þrír af hverjum tíu sögðu svo vera. Þetta er vitanlega gríðarlega hvetjandi fyrir okkur.

Kolefnishlutleysi er markmiðið

Vörumerkið Íslandsbanki er sterkt og ímynd bankans jákvæð, raunar svo að bankinn var undir lok árs tilnefndur sem eitt af bestu vörumerkjunum landsins í vali Brandr meðal fyrirtækja á einstaklingsmarkaði með yfir 50 starfsmenn.

Frammistaða Íslandsbanka á sviði sjálfbærni hélt líka áfram að batna í UFS mati Reitunar síðasta sumar þar sem bankinn fékk hæstu einkunn þrátt fyrir að kröfur hefðu aukist á milli ára. Afar ánægjulegt var



að sjá einkunn bankans fyrir umhverfisþætti hækka um 12,9% á milli ára. Góður árangur Íslandsbanka í matinu endurspeglar viljann til að vera til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi. Áherslur sjálfbærni eru hluti af öllum verkferlum og vinnulagi í bankanum og mikil vitund meðal bæði starfsfólks og stjórnenda um að gera vel á því sviði. Við látum okkur umhverfið varða og vinnum áfram að markmiði bankans um að ná að fullu kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.

Íslandsbanki er líka stofnaðili alþjóðlegs samstarfs banka, Net-Zero Banking Alliance, sem sett hafa sér markmið um kolefnishlutleysi eigi síðar en 2050. Við erum stolt af þeirri þátttöku þar sem saman koma bankar hvaðanæva að og deila með sér reynslu og þekkingu á vegferð sinni að sameiginlegu marki.

Samhliða útgáfu fjárhagssuppgjors fyrir þriðja fjórðung síðasta árs birtum við skýrslu um vörður okkar að kolefnishlutleysi, On the Road to Net-Zero. Ein af helstu niðurstöðum skýrslunnar er að losun frá útlánastarfsemi muni minnka um 60% fyrir árið 2030 og um 85% fyrir árið 2040. Útgáfa kolefnishlutleysisskýrslu Íslandsbanka sýnir að þó markmið um kolefnishlutleysi lánasafns árið 2040 séu verulega metnaðarfull. Leiðin að settu marki er hvorki auðveld né að fullu kortlögð. En stefnuna þarf að marka til að ljóst verði hvaða skref þarf að taka af hugrekki og staðfestu. Við viljum sýna í verki að við séum tilbúin að styðja við viðskiptavinum okkar á þeirra vegferð í átt að minni útblæstri.

Traustur rekstur Íslandsbanka

Íslandsbanki var á árinu í fimmta sinn valinn besti bankinn af alþjóðlega tímaritinu Euromoney. Í niðurstöðu dómnefndar var horft til árangurs í rekstri, tekjuvaxtar og kostnaðarlækkunar. Verðlaun sem þessi eru okkur ávallt hvatning.

Á árinu 2022 nam hagnaður Íslandsbanka 24,5 milljörðum króna og arðsemi bankans var 11,8% sem er umfram markmið bankans. Frá fyrra ári jukust tekjur bankans um 14,1%. Þar af jukust vaxtatekjur um tæp 27% milli ára vegna stækkunar lánabókarinnar og hærra vaxtastigs. Kostnaðarhlutfall var 42,1% sem er lækkun frá fyrra ári þegar það var 46,2%. Jákvæð virðisbreyting útlána að upphæð 1,6 milljarður króna hækkaði hagnað bankans enn frekar. Útlán til viðskiptavina jukust um rúma 100 milljarða króna eða um 9,2% milli ára sem dreifðist jafnt til einstaklinga og fyrirtækja. Innlán til viðskiptavina jukust um tæpa 47 milljarða króna eða um 6,2%.

Þar að auki var markvisst unnið með viðskiptavinum að sem hagkvæmastri fjármagnsskipan, til dæmis með skuldabréfaútgáfum í bland við hefðbundin útlán. Það gekk vel hjá gjaldeyrismiðlun á árinu og er Íslandsbanki leiðandi á þeim markaði.

Á árinu hélt ríkið áfram að selja sinn hlut í bankanum og í mars var selt 22,5%, eignarhluturinn stendur því í 42,5% um áramótin. Mikil umræða spannst um fyrirkomulag sölunnar og þátt bankans sem söluráðgjafa. Opinberir aðilar hafa gert úttekt á vinnunni og við biðum niðurstöðu þeirra vinnu.

Þakki til viðskiptavina og starfsfólks

Þegar horft er til baka getum við verið stolt af árangri bankans á árinu 2022, sem endurspeglar gildi okkar um eldmóð, samvinnu og fagmennsku. Mig langar að þakka starfsfólki bankans sem af fagmennsku hefur lagt sig fram um að veita viðskiptavinum Íslandsbanka afburða þjónustu.


Síðustu ár höfum við með þjóðinni tekist á við marg- víslega erfiðleika, hvort sem það hefur verið vegna heimsfaraldurs COVID-19, áhrifa erlendra stríðsátaka og þar með verðlag hér, eða óvissu um þróun efnahags- mála. Við stöndum með viðskiptavinum okkar og samstarfsaðilum jafnt á krefjandi tímum sem betri tímum og hlökkum til að gera það áfram.

Eigendahópur bankans hefur orðið enn fjölbreyttari með síðustu sölu á hlut ríkisins í bankanum en hvernig sem eignarhaldi er háttað þá stendur bankinn styrkum fótum, með góð gildi og skýra stefnu, bæði eigendum og samfélagi til hagsbóta, hreyfiafl til góðra verka.



Árs- og sjálfbærnisýrsla 2022

3 Saman erum við hreyfiafl til góðra verka




Stefna Íslandsbanka

Bankinn starfar í dag eftir stefnu sem var samþykkt af stjórn í upphafi árs 2019 í kjölfar viðtækrar vinnu með aðkomu viðskiptavina, starfsfólks og annarra hagaðila.

Samkvæmt stefnunni er tilgangur Íslandsbanka að vera hreyfiafl til góðra verka og framtíðarsýnin er að veita viðskiptavinum ávallt bestu bankaþjónustuna. Til þess að styðja við þau markmið sem bankinn setti sér voru jafnframt skilgreindar sjö stefnuáherslur til fimm ára sem


skiptast í tvo flokka: Annars vegar að **skerpa fókussinn** og ná fram einföldun og aukinni skilvirkni og hins vegar að **hugsa stórt** og þannig tryggja samkeppnisforskot til framtíðar.



Hreyfiafl síðan 1875

Íslandsbanki á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Á upphafsárunum átti bankinn meðal annars þátt í að efla sjávarútveg og var lyftistöng fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Bankinn hefur því frá upphafi verið hreyfiafl í samfélaginu. Frá árinu 2014 hefur sjálfbærni verið ein af stefnuáherslum bankans en það skref sem tekið var í stefnumótunarvinnu árið 2019 setti sjálfbærni og jákvæð samfélagsáhrif í enn meiri fókus sem helsta tilgang bankans. Áhersla á sjálfbærni er í okkar huga ekki bara einskær góðmennska heldur líka tækifæri til aðgreiningar, mikilvæg fyrir stýringu áhættu og hefur jákvæð áhrif á langtíma arðsemi. Á árinu 2022 var áherslan á áframhaldandi samþættingu sjálfbærni inn í almenna starfsemi bankans og hefur vegferðin hlotið mikla viðurkenningu og vakið verðskuldaða athygli. Sem dæmi má nefna að Íslandsbanki fær flest stig allra íslenskra fyrirtækja í UFS mati Reitunar og fleiri nefna Íslandsbanka heldur en hina bankana samanlagt þegar spurt er hvaða banki sé leiðandi á sviði sjálfbærni.

Hvaða banki er leiðandi á sviði sjálfbærni?
Öll sem tóku afstöðu



Heimild: Gallupkönnun meðal 300 stærstu fyrirtækja á Íslandi, janúar 2022

SKERPUM FÓKUSINN

Einföldun og aukin skilvirkni

Á árinu fór fram áframhaldandi vinna tengd þeim markmiðum að auka skilvirkni og skerpa fókusinn og endurspeglast það til að mynda í lækkun kostnaðarhlutfalls úr 46,2% á árinu 2021 í 42,1% á árinu 2022



Þjónusta: persónuleg og stafræn

Viðskiptavinir bankans kjósa í auknum mæli að sinna sínum daglegu bankaviðskiptum stafrænt og utan hefðbundins opnunartíma. COVID-19 heimsfaraldurinn flýtti þessari þróun til muna og hefur stöðug framþróun á vörum, þjónustu og dreifileiðum tekið mið af þessu. Bankinn kynnti á árinu fyrstur banka lausn sem gerir viðskiptavinum kleift að hefja viðskiptasamband við bankann, nú eða bæta við sig vörum í vöruborði bankans með einni auðkenningu og upplifun sem helst minnir á góða netverslun. Bankinn er ákveðinn í að vera áfram #1 í þjónustu og er sannfærður um að galdurinn sé að tryggja þjónustu sem er í senn persónuleg og stafræn.



Rétt verðlagning

Íslandsbanki leggur áherslu á skilvirka nýtingu eigin fjár með markmið bankans að leiðarljósi. Áframhaldandi innleiðing og regluleg uppfærsla á stefnu um eiginfjárstýringu og verðlagningu í takti við áherslur og áhættuvilja styðja við arðsemismarkmið bankans. Einingar bankans vinna stöðugt að aukinni skilvirkni í verðlagningu vara og þjónustu innan vel skilgreindra verðlagningarviðmiða. Gæði gagna, reglulegar mælingar og eftirfylgni styrkja ákvarðanatöku þannig að bankinn bjóði réttar vörur á réttu verði og tryggi þannig samkeppnishæf verð til viðskiptavina og arðsemi til hluthafa.



Einföldun og snjöll

Á árinu var áframhaldandi áhersla á einföldun og aukna skilvirkni. Lögð var áhersla á að auka sjálfvirkni innri ferla, við hugbúnaðarþróun og prófanir, stytta afhendingartíma og efla öryggi í rekstri. Stöðugar umbætur í ferlum héldu áfram en til dæmis voru gerðar umtalsverðar breytingar á sjálfvirkum lánaferlum sem gera viðskiptavinum kleift að sækja sér fyrirgreiðslu og fá hana afgreidda án aðkomu starfsmanns á aðeins nokkrum mínútum. Slíkt hefur ekki einungis rekstrarhagræði í för með sér heldur skilar sér einnig í hraðari þjónustu og meiri ánægju viðskiptavina.



Stafrænir stórmeistarar

Á árinu hélt vörumiðað fyrirkomulag við stafræna þróun áfram að skila sér í auknum hraða við þróun stafrænna lausna. Fjölmargar nýjar stafrænar lausnir litu dagsins ljós en viðskiptavinir geta meðal annars átt viðskipti með hlutabréf og sjóði stafrænt í appi Íslandsbanka, afgreitt sig sjálfir á sjóðfélagavef bankans, notað hraðbanka án þess að vera með kort og bætt sínum bankavörum í „innkaupakörfu“ eins og þekkt er í helstu netverslunum. Íslandsbanki var fyrstur íslenskra banka til að innleiða kortalausar greiðslur frá Google Wallet fyrir Android notendur.

Stafrænir stórmeistarar 2.0

HUGSUM STÓRT

Samkeppnisforskot til framtíðar

Stefnuáherslur bankans sem snúa að samkeppnisforskoti til framtíðar eru þrjár: ofurhús gagna, sérstaða í opnum bankaheimi og leiðtogi í sjálfbærni. Mikil og góð vinna fór fram á árinu á öllum þessum vígstöðvum sem gera bankann betur í stakk búinn til þess að styðja við fjölbreyttar þarfir viðskiptavina.



Ofurhús gagna

Á árinu var áframhaldandi áhersla á frekari framþróun í átt að persónulegri og leiðbeinandi þjónustu sem byggist á gagnagreiningum. Breytingar voru gerðar á Markaðs- og samskiptasviði og ný eining, stafræn upplifun, var stofnuð og stafrænn hönnunarstjóri og sérfræðingur í gagnavísindum bættust í þéttan hóp sérfræðinga. Íslandsbanki hóf á árinu samstarf við nýjan samstarfsaðila sem býður upp á skýjalausn fyrir stafræna sölu, þjónustu og markaðsmál á einum stað. Unnið er að aukinni sjálfvirkni í markaðsstarfi og sérsniðinni þjónustu og samskiptum við viðskiptavini og er ávinningur af þeirri vinnu þegar farin að skila sér í bættri þjónustuupplifun og aukinni sölu.



Sérstaða í opnum bankaheimi

Opnar vefþjónustur héldu áfram að vera í brennidepli á árinu og bankinn er vel í stakk búinn til að mæta samkeppninni um stafrænar lausnir í bankaþjónustu í opnu vistkerfi. Sérstakt stefnuverkefni var keyrt undir nafninu „vistkerfi fyrirtækjaþjónustu“. Í samstarfi við Fjártækni- og lausnir í Reykjavík og Copenhagen Fintech var rætt við fjölda af fjártækni- og lausnir. Meðal annars var teymi frá bankanum staðsett tímabundið í Grósku, hugmyndahúsi í Vatnsmýri þar sem Fjártækni- og lausnir er til húsa. Tilgangur verkefnisins var meðal annars að finna leiðir til þess að bankinn gæti orðið betri samstarfsaðili í opnum bankaheimi. Fjöldi hugmynda þróaðist í þessari vinnu sem verið er að vinna úr og vænta má að komi í framkvæmd á næsta ári.



Leiðtogi í sjálfbærni

Íslandsbanki hefur það að markmiði að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og horfir til UFS-viðmiða við áhættustýringu og metur með virkum hætti sjálfbærnitengd viðskiptatækifæri. Meðal áfanga sem náðust á árinu voru áframhaldandi vöxtur sjálfbærra útlána, hlutfall UFS áhættumetinnar útlánaáhættu hækkaði mikið og gefin var út ítarleg skýrsla um kolefnishlutleysi þar sem farið er yfir mælingar, markmið og árangur bankans á sviði loftslagsmála. Skýrslan er mikilvægt skref á vegferð bankans í átt að kolefnishlutleysi en ljóst að tækifæri bankans til þess að vera hreyfiafl í loftlagsmálum hérlandis liggur fyrst og fremst í því að styðja viðskiptavini á sinni vegferð í átt að

minni útblæstri. Á árinu voru ýmis mannauðsmál svo sem heilsa, vellíðan, jafnrétti og fjölbreytileiki einnig í brennidepli auk áframhaldandi áherslu á fyrirmyndar stjórnarhætti.

Sjálfbær Íslandsbanki

Saman fram á veginn

Íslandsbanki leggur ríka áherslu á að skapa uppbyggilegt og heilbrigt starfs-umhverfi þar sem eldmóður, fagmennska og samvinna er höfð að leiðarljósi. Mannauðurinn er stærsta auðlind bankans og því er lögð mikil áhersla á að efla starfsfólk til vaxtar og þróunar og mikið lagt í að stuðla að heilsu þess og vellíðan.

Besti vinnustaðurinn til að vaxa og þróast

Kjarninn í mannauðsstefnu Íslandsbanka er að bankinn sé staður þar sem starfsfólk fær tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Til að uppfylla þessa sýn leggjum við áherslu á faglegt ráðningar- og móttökufæri, öflugt fræðslustarf, skýra möguleika til starfsþróunar, heilsu og vellíðan, nútímalegt vinnuumhverfi þar sem ríkir sálfræðilegt öryggi og öfluga leiðtoga. Það leiðir til helgunar starfsfólks.

Fræðsla og vöxtur

Við leggjum mikla áherslu á að starfsfólk hafi tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Við bjóðum upp á fjölbreytt framboð fræðsluerinda fyrir allt starfsfólk, hvar á landinu sem það er staðsett. Markmið okkar er að fræðslan sé fjölbreytt og samanstandur hún almennt af skyldunámskeiðum, sem til dæmis snúa að öryggismálum, regluvörslu eða leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur sem og námskeiðum sem starfsfólk getur valið að taka. Þau námskeið snúa að persónulegri styrkingu, heilsu og vellíðan, tíma- og verkefnastjórnun, faglegri þekkingu ásamt fjölmörgum námskeiðum sem tengjast starfi og starfsþróun.

Samhliða þessu margfölduðum við fjölda rafrænna námskeiða af ýmsum toga, sem bæði snúa að faglegri

þekkingu sem og persónulegum vexti, sem starfsfólk getur nálgast á þeim tíma og á þeim hraða sem hentar hverju og einu.

Bankinn býður upp á yfir 250 námskeið og fræðslufundi á hverju ári. Að meðaltali varði starfsfólk rúmlega 10 klukkustundum á árinu í endurmenntun. Starfsfólk bankans kennir á stærstum hluta þeirra og miðlar þannig þekkingu sinni á milli sviða.

Jafnframt stendur starfsfólki til boða að fá markþjálfun, kynningar á öðrum deildum og lærimeistara sem hjálpar til við að gera næstu skref á starfsferlinum markvissari og opnar mögulega dyr að nýjum tækifærum í framtíðinni.

Nútímalegt vinnuumhverfi

Við höfum reynt að vera fremst í flokki þegar kemur að nútímalegu vinnuumhverfi og verið brautryðjendur í innleiðingu á ýmsum nýjungum í gegnum tíðina. Sem dæmi má nefna verkefnamiðaða vinnuaðstöðu (VMV) sem við byrjuðum með, fyrst íslenskra fyrirtækja, árið 2016 og fjarvinnu, sem við innleiddum árið 2019. Að okkar mati þarf vinnuumhverfi starfsfólks alltaf að vera í sífellri endurskoðun og viljum við reyna að bjóða bestu úrræði, stuðning og aðstöðu fyrir starfsfólkið okkar sem ýtir undir sköpunarkraft, sveigjanleika og



Ár endursköpunar

“

Það var ánægjulegt að hitta starfsfólk bankans aftur eftir tvö krefjandi ár í heimsfaraldri COVID-19. Þrátt fyrir óvenjulegar aðstæður lærðum við margt. Það sem stendur upp úr er gildi fjarvinnu, hvernig við nýttum rafræna fræðslu á sem bestan hátt og hversu vel starfsfólki tókst að aðlagast þessum breyttu aðstæðum.

Árið 2022 var ár endursköpunar í mannauðsmálum bankans. Mannauðsstefnan var uppfærð; meiri áhersla lögð á heilsu og vellíðan, fjölbreytileika, gagna- og tæknilæsi og markvissari tækifæri til vaxtar fyrir starfsfólk. Til að endurspegla þessar breyttu áherslur voru gerðar breytingar á skipulagi mannauðsteymisins og réði bankinn tvo mannauðssérfræðinga á þessum sviðum.

Jafnréttismálin eru alltaf ofarlega á blaði og viljum við að Íslandsbanki sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir fólk með ólíkan og fjölbreyttan bakgrunn. Loks hófum við vinnu við svokallað „sköpunarrými“ sem á að styðja við frekari samvinnu og framþróun bankans. Við erum tilbúin fyrir spennandi tíma sem framundan eru.

Hafsteinn Bragason
Mannauðsstjóri

samvinnu. Sköpunarkraftur er hæfni sem er alltaf að verða mikilvægari í samkeppnisumhverfi fyrirtækja og við erum spennt fyrir áframhaldandi þróun sköpunarrýma, flæðisrýma og annarra rýma sem stuðla að frekari samvinnu og framþróun. Áherslumál eins og jafnrétti, fjölbreytileiki, öflugt félagsstarf, Hjálparhönd (þar sem starfsfólk getur varið einum vinnudegi á ári í gott málefni), hollur matur og góð aðstaða fyrir þau sem kjósa að hjóla í vinnuna er allt dæmi um nútímalegt vinnuumhverfi sem við bjóðum starfsfólki bankans upp á.

Heilsa og velliðan

Við leggjum okkur fram um að skapa umhverfi sem styður við heilsu, ánægju og velliðan starfsfólks, jafnt í vinnu sem og í einkalífi. Mikil áhersla er lögð á góð

samskipti, liðsheilid og góða vinnustaðamenningu þar sem ríkir traust og virðing. Við viljum að starfsfólk geti tjáð hug sinn, sett fram nýjar hugmyndir, spurt spurninga og gert mistök. Með öðrum orðum viljum við að innan bankans ríki sálfræðilegt öryggi. Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni sem og annað ofbeldi er aldrei liðið. Eins er lögð áhersla á að tryggja starfsfólki aðgengi að úrræðum og þjónustu til þess að bæta heilsu sína og líðan. Sem dæmi má nefna heilsufarsmælingu, inflúensuþrautu, lækniþjónustu, sálfræðiþjónustu, líkamsræktarstyrk, samgöngustyrk og ýmsa heilsutengda fræðslu. Ávinningur þess að huga að heilsu og velliðan starfsfólks er ótvíræður. Heilbriggt starfsfólk er ánægðara í starfi og það skilar meiri árangri.



MANNAUÐSSÝN ÍSLANDBANKA


Besti vinnustaðurinn til að vaxa og þróast

Hvernig uppfyllum við sýnina

- Rétt fólk á réttum stað
- Skilvirkt móttökuferli
- Öflugt fræðslustarf og skýrir starfsþróunar-möguleikar
- Öflugir leiðtogar sem veita tíða endurgjöf
- Heilsa og velliðan í fararbroddi
- Nútímalegt vinnuumhverfi þar sem ríkir sálfræðilegt öryggi
- Að starfsfólk sé helgað og finni tilgang með starfi sínu

Forgangsverkefni

- Heilsa og velliðan – greining áhættuþátta, forvirkar aðgerðir og aðgengi að úrræðum
- Innleiðing „Samtals“ – tryggja tíðari endurgjöf
- Markviss nýting mannauðsgagna
- Uppfærð stefna og aðgerðaáætlun um fjölbreytileika
- Perónuleg þróun starfsfólks



Stjórn bankans



Allt starfsfólk



Stjórnendur



Deildarstjórar



Útibússtjórar



Forstöðumenn



Framkvæmdastjórn





Árs- og sjálfbærniskýrsla 2022

4 Með samvinnu erum við #1 í þjónustu



Einstaklingar

Einstaklingssvið leggur áherslu á stafræna og persónusniðna þjónustu þar sem áhersla er lögð á að mæta þörfum viðskiptavinarins á hverjum tíma.

Einstaklingssvið bankans þjónustar alla þá einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann hvort heldur sem er með persónulegri ráðgjöf eða með góðu aðgengi að stafrænum lausnum. Virkir viðskiptavinir bankans eru um 141 þúsund talsins og er Íslandsbanki með hæstu hlutdeild í kortum á einstaklingsmarkaði. Flestir viðskiptavinir bankans kjósa að sinna sínum daglegu bankaviðskiptum í gegnum app bankans og eru virkir viðskiptavinir í appi í dag um 105 þúsund talsins og hafa aldrei verið fleiri.

Það er markmið Íslandsbanka að vera í fararbroddi þegar kemur að innleiðingu og þróun lausna fyrir viðskiptavini sína og var bankinn á þessu ári til að mynda sá fyrsti sem kynnti Google Pay greiðslulausn fyrir viðskiptavini sína sem og rafræna auðkenningu í hraðbanka. Viðskiptavinir bankans eru öðrum fremri þegar kemur að því að tileinka sér nýjar lausnir.

Markaðshlutdeild

31%

einstaklingar

30%

innlán

21%

húsnæðislán

39%

kort



Fjöldi **virkra notanda í appi aldrei meiri**, 105 þúsund, **9,9% aukning** milli ára. Heimsóknir í app eru **32,5 milljónir**



Fyrsti banki á Íslandi til að **innleiða Google Wallet™**



Fyrsti banki á Íslandi til að **innleiða rafræna auðkenningu í hraðbanka**



Fjöldi **þjónustusnertinga 52 milljónir** í appi, netbanka, vefsíðu, Fríðu, útibúum og ráðgjafaveri



Stafræn sala nú **yfir 78% af allri sölu** til einstaklinga



Fróði tekur **nærri helming netspjalla** eða 37 þúsund samtöl og **leysir 95% þeirra sjálfur** án þess að framsenda á starfsmann



Við erum til staðar fyrir viðskiptavini okkar

“

Fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga hefur tekið miklum breytingum á síðastliðnum árum. Fjárhagsleg heilsa, fjármálafræðsla og góð yfirsýn viðskiptavina yfir sín fjármál er grunnur að farsælum vexti. Stafrænar lausnir og sjálfvirkni hafa leitt til þess að viðskiptavinir eru í auknum mæli farnir að sinna sínum fjármálum á tímum sem eru óbundnir opnunartíma útibúa.

Bankinn kynnti á árinu fyrstur banka lausn sem gerir viðskiptavinum kleift að hefja viðskiptasamband við bankann, eða bæta við sig vörum í vöruborði bankans með einni auðkenningu og upplifun sem helst minnir á góða netverslun. Þá voru gerðar umtalsverðar breytingar á sjálfvirkum lánaferlum sem gera viðskiptavinum kleift á nokkrum mínútum að sækja sér fyrirgreiðslu og fá hana afgreidda án aðkomu starfsmanns, enda spyrja óvænt útgjöld oft ekki um tíma.

Stafræn þróun hefur leitt af sér bætta gagnasýn sem mun styrkja þjónustu bankans gagnvart viðskiptavinum sínum og gera þjónustuupplifun þeirra betri. Það er markmið bankans að vera hreyfiafl til góðra verka og mikilvægt að bankinn sé til staðar fyrir viðskiptavini sína á mikilvægum tímamótum í þeirra lífi.

Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir
Framkvæmdastjóri Einstaklinga

Skipulag

Skipurit Einstaklingssviðs bankans hefur tekið smávægilegum breytingum á árinu, þó einkum varðandi þjónustuáherslur.

Nýsköpun og stafræn þróun ber ábyrgð á þróun nýrra stafrænna lausna fyrir viðskiptavinum bankans, leitar tækifæra í nýsköpun og er leiðandi í samstarfi á sviði fjártæknilausna. Einingin leiðir þróun dreifileiða og samstarf við upplýsingatækni um rekstur daglegra innviða, ásamt því að sjá um upplýsingagjöf og ráðgjöf til starfsfólks í tengslum við stafrænar lausnir.

Framlína útibúa og lánaþjónusta býður viðskiptavinum upp á persónulega ráðgjöf í útibúum bankans um allt land. Viðskiptavinir geta bókað sér tíma í ráðgjöf þegar þeim hentar en geta jafnframt nýtt sér stafrænar leiðir til að hefja viðskipti hjá bankanum, fara í gegnum greiðslumat eða óska eftir láni.

Útgáfulausnir bjóða upp á einfaldar og skilvirkar greiðslulausnir sem eru í fremstu röð á greiðslumarkaði. Viðskiptavinir bankans geta nú sótt alla þjónustu sem tengist kortum í gegnum stafrænar dreifileiðir sem gerir þjónustuna að einföldum og sjálfsögðum hluta af daglegu lífi.

Þjónustuupplifun og sala er eining þar sem áhersla er lögð á þjónustuupplifanir viðskiptavina í dreifileiðum bankans þar sem áhersla er á persónusniðna þjónustu og frumkvæði. Markmið einingarinnar er að skapa gagnadrifið virði fyrir viðskiptavinum bankans.

Ráðgjafaver þjónustar viðskiptavinum í síma, svarar erindum sem og netspjalli. Á árinu var þjónusta ráðgjafavers fyrir viðskiptavinum aukin enn frekar þegar neyðarþjónusta sem opin er allan sólarhringinn var kynnt viðskiptavinum. Spjallmennin Fróði verður brátt auðkennt spjallmenni sem framkvæmt getur fjárhagslegar færslur. Þá hefur þjónusta tengd lífeyrismálum verið efið og er nú hluti af ráðgjafaveri.



Að hefja viðskipti hefur aldrei verið jafn auðvelt

Stafrænni bankaþjónusta fylgja aukin tækifæri til enn viðtækari þjónustu við viðskiptavinum. Að velja sér bankaþjónustu sem hentar getur oft reynst ansi snúið en með nýju stafrænu viðmóti sem einna helst líkist góðri netverslun eru allir vegir færir. Góð þjónusta snýst um að þekkja þarfir viðskiptavina sinna, að fræða um þá kosti sem henta hverju sinni og lykll að árangri er að geta verið til staðar fyrir viðskiptavinum á tímamótum sem telja í þeirra lífi. Með þeim hætti stendur Íslandsbanki undir markmiðum sínum að vera hreyfiafl til góðra verka.

Að geta með auðveldum hætti hafið greiðslumat og fengið vissu innan nokkurra mínútna hver greiðslugeta er getur skipt sköpum við ákvarðanatöku um hvort tilboð skuli gert í húsnæði eða ekki. Rafræn auðkenning er annað dæmi um auðveldara aðgengi viðskiptavina að þjónustum bankans en nú er ekki lengur þörf að vera með hið eiginlega debet- eða kreditkort á sér öllum stundum því síminn og rafrænt auðkenni er nóg til þess til dæmis að virkja hraðbanka. Flestir viðskiptavinir eða um 81% þeirra kjósa að greiða fyrir vörur og þjónustu með snertilausum greiðslulausnum og nýta til þess lausnir sem bankinn hefur kynnt til leiks svo sem Apple Pay, Google Pay, Garmin Pay og Fitbit Pay.

Verum á varðbergi

Aukin netverslun og fjölbreytni í stafrænum samskipta-leiðum hefur leitt til þess að stafræn svik hafa því miður farið vaxandi. Tegundir svika eru fjölbreyttar þó umræða tengd kortasvikum hafi verið hávær. Hjá bankanum eru góðir ferlar sem taka á svikafærslum og gott samstarf við Mastercard tryggir viðskiptavinum okkar góðar endurheimtur. Verstu tilfelli svika sem hvað erfiðast er að eiga við er þegar viðskiptavinir gefa sjálfir upp upplýsingar á borð við kortanúmer, pin númer eða samþykkinga rafrænar auðkenningar án þess að ihuga hvað verið er að staðfesta. Í slíkum tilfellum eru endurkröfur nær ómögulegar enda hefur viðskiptavinurinn gefið frá sér þær öryggis-auðkenningar sem hann einn á að vita og eiga að vernda hann í stafrænum viðskiptum. Dæmi um nýleg svikamál eru samskipti á Messenger þar sem fólk villir á sér heimildir og óskar eftir millifærslu og jafnvel stofnun reikninga. Einnig hafa þrjátar óskað eftir að fá að yfirtaka tölvu viðkomandi, að því er virðist til að aðstoða. Sömuleiðis hefur borið á Facebook leikjum þar sem krafist er ákveðins framlags svo afhenda megi vinninga. Hringt er í einstaklinga og þeim boðið að kaupa bréf í erlendum kauphöllum, rafmyntum og fleira. Tæknilegar og kerfislegar varnir gegn svikum duga skammt ef viðskiptavinir samþykkja rafræn skilríki og afhenda viljugir allar sínar upplýsingar. Svo verum á varðbergi, ef boðið er of gott til að vera satt, þá er það oftast raunin. Sýnum ábyrgð, deilum ekki myndum af kortum, vegabréfum eða gefum upp til þriðja aðila auðkennisupplýsingar, það er aldrei of varlega farið.

Viðskiptabanki

Viðskiptabankinn veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum um land allt alhliða fjármálaþjónustu auk þess sem Ergo, fjármögnunarþjónusta bankans, er hluti af sviðinu.

Viðskiptabankinn þjónar vaxandi hópi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Viðskiptavinir okkar standa undir kraftmikilli verðmætasköpun í öllum atvinnugreinum og eru mikilvægur þáttur í að tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðugleika.

Starfsfólk sviðsins er reynslumikið og veitir persónulega þjónustu í nærumhverfi viðskiptavina í gegnum fyrirtækjamiðstöðvar og útibú en auk þess kjósa viðskiptavinir að nýta sér gott aðgengi að bankanum í gegnum stafrænar lausnir.

Mannauður sviðsins samanstendur af starfsfólki með yfirgripsmikla sérþekkingu og áralanga reynslu. Við höfum byggt upp traust viðskiptasambönd við þúsundir íslenskra fyrirtækja og við leggjum áherslu á að vera til staðar fyrir viðskiptavinir okkar. Sviðið er gagnadrifið og veitir framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf. Við sýnum frumkvæði og leggjum okkur fram við að vera hreyfiafl til góðra verka. Við höfum endurtekið mælst með ánægðustu viðskiptavinina meðal samkeppnisaðila í þjónustukönnunum.

Markaðshlutdeild

36%

landið allt



Þjónustum **55% framúrskarandi** fyrirtækja



Ný útlán voru **111 milljarðar króna** á árinu og **vöxtur útlánabókar nam 17,5%**



58% af lánasafni Viðskiptabanka hefur verið **UFS áhættumetið**



Fjöldi heimsóknna í appið hefur **aukist um 46%** á milli ára



2022 var kröftugt ár



Það var kraftur og bjartsýni sem einkenndi íslenskt atvinnulíf árið 2022. Uppbygging átti sér stað eftir COVID-19 áskoranir og uppsöfnuð eftirspurn var bæði í fjárfestingum og neyslu. Bæði innlán og útlán voru vel yfir áætlunum sviðsins og hafa ný útlán Viðskiptabankans í útibúum og hjá Ergo sjaldan verið hærra og halda vel í við nafnhagvöxt. Framkvæmdalán og lán til aðila í ferðaþjónustu, til dæmis bílaleiga, voru fyrirferðamikil í útlánastarfseminni. Staða heimila og fyrirtækja er óneitanlega góð, en áskoranir tengdar stríðsátökum í Úkraínu, hækkandi vaxtastigi og verðbólgu munu án efa hafa áhrif á efnahags- og rekstrarreikninga næstu árin, þó enn sjáum við engar sterkar vísbendingar um neikvæða þróun í til að mynda vanskilavísunum.

Samhliða kraftmiklu ári á viðskiptavinahlið Viðskiptabankans var mikil vinna lögð í kerfismál, þróun dreifileiða og vörupróun. Áhersla var lögð á fræðslumál bæði innanhus og utan hvað varðar sjálfbærni, en sá málaflokkur er sívaxandi þáttur í starfsemi sviðsins og mun verða samofin útlánaferlum og áhættumati til framtíðar. Ný miðlæg stöðeining var sett á laggirnar sem mun bera ábyrgð á áreiðanleikakönnunum og peningaþvættisvörnum lögaðila.

Ný auglýsingaherferð fór í loftið á árinu þar sem fjölbreyttur hópur viðskiptavina er í aðalhlutverki. Við erum stolt af sterkri markaðshlutdeild og þökkum viðskiptavinum fyrir að velja okkur sem sinn viðskiptabanka. Saman aukum við árangur viðskiptavina og okkar.

Una Steinsdóttir

Framkvæmdastjóri Viðskiptabanka

Skipulag

Fyrirtækjamiðstöðvar og útibú

Viðskiptabankinn starfrækir fyrirtækjamiðstöðvar og útibú viðsvegar um landið. Fyrirtækjamiðstöðvarnar eru annars vegar staðsettar í höfuðstöðvum bankans í Norðurturni fyrir höfuðborgarsvæðið og hins vegar í fyrirtækjasmíðstöð á Akureyri fyrir Norður- og Austurland. Viðskiptabankinn býður upp á sjálf-afgreiðslulausnir og persónulega ráðgjöf sem skilar sér í betra aðgengi og þjónustu við viðskiptavin. Í útibúi bankans í Norðurturni veita ráðgjafar almenna þjónustu við fyrirtæki á stór-höfuðborgarsvæðinu auk þess að sinna símsvörum, netspjalli og vefþjónustu fyrir landið í heild. Þar er einnig starfrækt miðlæg stodeining fyrir Viðskiptabankann í áreiðanleikakönnunum og peningaþvættisvörnum.

Stafrænar lausnir

Okkar viðskiptavinir geta sinnt helstu bankaviðskiptum í gegnum fjölmargar dreifileiðir hvort sem um er að ræða app, netbanka, netspjall eða í gegnum vef bankans. Við viljum geta þjónustað viðskiptavini okkar og komið til móts við þeirra þarfir hvar og hvenær sem er.

Ergo

Ergo er hluti af Viðskiptabanka og sérhæfir sig í fjármögnun atvinnutækja fyrir rekstraraðila og fjármögnun bíla og ferðavagna fyrir einstaklinga. Ergo hefur verið leiðandi á fjármögnunarmarkaði í yfir 35 ár og aðgreinir sig á markaði með áherslu á hraða og framúrskarandi þjónustu.

Ergo



Stafræn vegferð fyrirtækja

Okkar sýn er að viðskiptavinir geti sinnt sínum fjármálum þar sem þeir kjósa. Gott aðgengi að gögnum og tækni mun bæta þjónustu og hraða ferlum en einnig auka öryggi og sveigjanleika. Við vinnum stöðugt að þróun og umbótum þjónustu og dreifileiða með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Sem dæmi má nefna samstarfssamning við fjártæknifélagið Payday, sem býður upp á einfaldara utanumhald um rekstur fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki.

Netbanki er enn mest notaða dreifileiðin meðal fyrirtækja en notkun apps Íslandsbanka eykst stöðugt með fjölbreyttari lausnum og notkunarmöguleikum. Þá munu opnar vefþjónustur gegna enn veigameira hlutverki en hingað til.

Viðskiptabankinn hefur á árinu greint tækifæri til vaxtar á sviði opinnar bankaþjónustu, meðal annars í samstarfi við Copenhagen Fintech og Fjártækniklasann í Reykjavík. Viðskiptabankinn fylgist grannt með tækifærum í þróun fyrirtækaþjónustu með það að markmiði að bjóða réttar lausnir sem einfalda lífið hjá viðskiptavinum okkar.

Sjálfbærnivegferð fyrirtækja

Sjálfbærni er ein af lykiláherslum bankans og er Viðskipta-
bankinn í lykilstöðu til að hafa þar veruleg áhrif. Við höfum
átt fjölmörg samtöl og fræðslufundi með viðskiptavinum
okkar um þennan málaflokk og sjáum að sífellt fleiri fyrirtæki
leggja aukna áherslu á sjálfbærni. Lítill og meðalstór fyrirtæki
leika lykilhlutverk í nýsköpun og framþróun almennt í
íslensku efnahagslífi.

Varan græn fjármögnun hjá Ergo hefur aukist verulega hjá einstaklingum. Vaxandi eftirspurnar er farið að gæta hjá fyrirtækjum og vega bilaleigur þar þýngst með fjárfestingum í bilafloata sem stöðja við orkuskipti og á það enn eftir að aukast samhliða frekari innviðauppbýggingu í íslensku samfélagi.

Við trúum því að fyrirtæki sem leggja áherslu á sjálfbærni og leggja sitt af mörkum muni verða þau fyrirtæki sem skara fram úr og tryggja hagvöxt til framtíðar. Við viljum styðja við og vera virkir þátttakendur í þessari vegferð.

Fyrirtæki og fjárfestar

Fyrirtæki og fjárfestar eru leiðandi í fjárfestingarbankastarfsemi á Íslandi og leggja áherslu á að veita viðskiptavinum sínum heildstæða fjármála- og fjárfestingarbankaþjónustu. Sviðið þjónustar stærri fyrirtæki, lífeyrissjóði, sveitarfélög, verðbréfasjóði, fagfjárfesta og efnameiri einstaklinga.

Á sviðinu starfa reynslumiklir sérfræðingar með áratuga reynslu af fjármálastarfsemi svo sem verðbréfa- og gjaldeyrisviðskiptum, fjárfestingarráðgjöf, fyrirtækja-ráðgjöf, lánveitingum og einkabankaþjónustu.

Þarfir viðskiptavinarnir eru í forgrunni og býr starfsfólk sviðsins yfir sérþekkingu á öllum helstu geirum atvinnulífsins. Áhersla er á frumkvæði og heildstæða þjónustu með stuttum boðleiðum og samvinnu þvert á starfseiningar sviðsins til að þekkja og uppfylla sem best þarfir viðskiptavinarnir okkar og vera um leið hreyfiafl til góðra verka.

Innan sviðsins liggur mikil reynsla af flóknum og umfangsmiklum verkefnum og hefur teymið á síðustu árum leitt mörg af stærri umbreytingarverkefnum í íslensku atvinnulífi.

Íslandsbanki hefur mótað sér skýra stefnu varðandi lánveitingar utan Íslands þar sem einkum er horft til sjávarútvegs í Norður-Atlantshafi.



Framúrskarandi árangur hjá öllum einingum á sveiflukenndum markaði

“

Árangur Fyrirtækja og fjárfesta á árinu 2022 var framúrskarandi í öllum einingum sviðsins. Vöxtur í þóknatekjum hélt áfram eftir metár 2021 og afrakstur af bættri stýringu efnahagsreiknings skilaði sér þar sem áhersla var lögð á að bæta umfram vöxt. Ný útlán námu 72 milljörðum króna og 85 milljarðar króna af lánnum voru endurfjármögnuð á árinu auk þess sem markvisst var unnið með viðskiptavinum að sem hagkvæmastri fjármagnsskipan, til dæmis með skuldabréfaútgáfum í bland við hefðbundin útlán. Þá voru fyrstu lánin veitt í samstarfi við Fyrirtækjalánasjóð á vegum Íslandssjóða. Útlán sem uppfylla skilyrði sjálfbærnir nema 47 milljörðum króna og búið er að meta 73% af lánasafni sviðsins með tilliti til sjálfbærni.

Það gekk vel hjá gjaldeyrismiðlun á árinu og er Íslandsbanki leiðandi á þeim markaði. Gerðar voru skipulagsbreytingar þar sem öll miðlun verðbréfa og ráðgjöf tengd verðbréfum voru sameinuð á einn stað undir merkjum Verðbréfamíðlunar. Markmiðið er að auka slagkraft bankans á verðbréfamarkaði og efla vöruþróun. Íslandsbanki er leiðandi á frummarkaði skuldabréfa og á árinu gaf Íslandsbanki út 62 milljarða króna af nýjum skuldabréfum fyrir viðskiptavinum sínum. Þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður var sterkt innflæði í Einkabankaþjónustu og sífellt fleiri viðskiptavinir bankans kjósa að nýta sér þjónustuna eftir markvisst kynningarstarf undanfarið ár.

Ásmundur Tryggvason
Framkvæmdastjóri Fyrirtækja og fjárfesta

Markaðshlutdeild

35%

300 stærstu fyrirtæki landsins



Leiðandi í fyrirtækjaráðgjöf



Eignastýring: **Nettó aukning eigna í stýringu 8 milljarðar króna**

#1

Fremst í útgáfu skuldabréfa



Ný útlán **72 milljarðar króna**

Skipulag

Fyrirtæki

Stýra viðskiptasamböndum við stærri fyrirtæki og stofnanir. Einingin er ábyrg fyrir allri þjónustu bankans við þessa viðskiptavini og þjónustar allar greinar íslensks atvinnulífs með sérþekkingu á sjávarútvegi, mannvirkjum og ferðaþjónustu.

Fyrirtækjaráðgjöf

Aðstoðar fyrirtæki og einstaklinga við kaup og sölu á fyrirtækjum, samruna félaga og aðrar eignarhaldstengdar breytingar. Fyrirtækjaráðgjöf veitir auk þess ráðgjöf í tengslum við skráningar félaga á verðbréfamarkað, hefur umsjón með hlutafjárútboðum, gerð lýsinga og töku verðbréfa til viðskipta í kauphöll.

Miðlun og afleiðuborð

Miðlun samanstendur af bæði hlutabréfa- og skuldabréfamiðlun auk gjaldeyris- og afleiðuviðskipta, svo sem framvirkra samninga með gjaldeyri, vaxtasamninga og framvirkra samninga á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum, auk útgáfu skuldabréfa. Miðlun sinnir viðskiptavinum allt frá einstaklingum til stofnanafjárfesta.

Eignastýring

Samanstendur af tveimur einingum – einkabanka og fagfjárfestum. Einkabankapjónusta Íslandsbanka býður upp á eignastýringu og ráðgjöf fyrir efnameiri einstaklinga, fjárfestingarfélög, sjóði og góðgerðafélög. Fagfjárfestapjónusta stýrir viðskiptasamböndum við stærri fjárfesta og er ábyrg fyrir allri þjónustu bankans við þessa viðskiptavini.



Sala Mílu

Sala Símans á Mílu til Ardian France SA sem lokið var í september síðastliðnum er ein stærsta erlenda fjárfesting sem átt hefur sér stað á Íslandi um árabíl. Við sölu naut Síminn ráðgjafar Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka, sem í samstarfi við alþjóðlega fjárfestingarbankann Lazard leiddi alþjóðlegt söluferli á félaginu. Fyrirtækjasvið bankans leiddi, í samstarfi við Fyrirtækjalánasjóð Íslandssjóða, fjármögnun viðskiptanna og heildarfjármögnun Mílu í kjölfar þeirra, sem fólst meðal annars í langtímalánum, veltufjármögnun og framkvæmdafjármögnun til næstu ára. Þá var hluti kaup-

verðsins fjármagnaður með útgáfu 6 milljarða króna skuldabréfs sem selt var til innlendra stofnanafjárfesta og annaðist Verðbréfamiðlun bankans þá útgáfu. Öll gjaldeyrisviðskipti vegna sölnnar voru síðan í höndum Gjaldetrismiðlunar.

Íslandsbanki er leiðandi í fjárfestingarbankastarfsemi á Íslandi og salan á Mílu sýnir glögg getu bankans til að leiða farsællega til lykta stærstu og flóknustu verkefni á markaðnum með aðkomu margra deilda bankans.

Íslandssjóðir hf.

Íslandssjóðir hf. er elsta eignastýringarfyrtæki landsins, stofnað árið 1994 og er dótturfélag Íslandsbanka.

Félagið stýrir 22 sjóðum fyrir almenna fjárfesta, þar á meðal skuldabréfa-, hlutabréfa- og blönduðum sjóðum, ásamt sérhæfðum sjóðum. Íslandssjóðir stýra eignum sem nema um 390 milljörðum króna en um 13.000 sparifjáreigendur og fjárfestar ávaxta eignir sínar í sjóðum félagsins.

Íslandssjóðir hafa um árabíl verið leiðandi í rekstri skuldabréfasjóða á Íslandi en markaðshlutdeild félagsins á því sviði er um 37%. Félagið starfrækir einnig úrval hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða og hafa auk þess sérhæft sig í fasteignasjóðum og framtaks-sjóðum. Íslandssjóðir hafa árlega frá árinu 2013 hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrtæki í góðum stjórnarháttum. Viðurkenningin er veitt af Stjórnvísi.

Markaðshlutdeild

31%

á innlendum sjóðamarkaði

Áhrif IS Grænna skuldabréfa árið 2021¹:



2.782 tCO₂i
í forðaðri
losun



4 GWst
framleitt af
sjálfbærri orku



12 tonn
af fullnýttu
fiskroði



19 grænar
bífreiddar



3,175 m² af
grænum
byggingum



12 hleðslustöðvar
fyrir rafbíla

Fjármagnaður útblástur

Áhrifaskýrsla fyrir Græna sjóðinn



Góð ávöxtun sjóða og aukið aðgengi að sjóðum er jákvætt fyrir sparifjáreigendur

“

Árið 2022 einkenndist af krefjandi aðstæðum á innlendum og alþjóðlegum verðbréfamörkuðum sem rekja má að mestu leyti til stríðsátaka í Úkraínu og vaxtahækkana í kjölfar þeirra og heimsfaraldurs. Við leggjum mikla áherslu á langtímasparnað og eignadreifingu og bjóðum fjölbreytt úrval sjóða sem hafa skilað góðri ávöxtun í samanburði við aðra sjóði á íslenskum markaði þegar til lengri tíma er litið.

Innlán íslenskra heimila halda áfram að vaxa og samhliða því hefur fjöldi hluthafa í félögum sem skráð eru í íslensku kauphöllina nánast tvöfaldast á aðeins tveimur árum. Þetta er einstaklega jákvæð þróun þar sem aukinn sparnaður veitir ákveðið öryggi á óvissutímum og sjáum við það meðal annars í því að viðskiptavinum okkar í mánaðarlegri áskrift að sjóðum fjölgaði á árinu um 25%.

Skráning Ölgerðarinnar síðastliðið sumar heppnaðist afar vel en Akur fjárfestingar, framtakssjóður í rekstri Íslandssjóða, hefur verið einn af stærstu eigendum í Ölgerðinni og var leiðandi í skráningarferlinu ásamt öðrum kjölfestufjárfestum. Salan á Mílu til Ardian France SA voru viðskipti ársins að mati bankans og tók Fyrirtækjalánasjóður Íslandssjóða þátt í fjármögnun þeirra viðskipta.

Kjartan Smári Höskuldsson

Framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf.

Skipulag

Innan Íslandssjóða starfa nokkrar viðskiptaæiningar en auk sjóðastýringar og eignastýringar stýrir félagið sérhæfðum sjóðum. Einnig er öflug áhættustýring starfrækt innan félagsins, auk viðskiptaþróunar, rekstrar og lögfræðiþjónustu.

Sjóðastýring

Sjóðstjórar Íslandssjóða stýra sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum fjármálagerningum. Sjóðir eru hagkvæm og góð leið fyrir sparifjáreigendur sem vilja ávaxta sitt fé í safni verðbréfa og dreifa þannig áhættu. Innan Íslandssjóða er einnig starfræktur sérhæfði sjóðurinn Alpha sem stundar stöðutöku á innlendum hlutabréfamarkaði.


Eignastýring

Öflugt eignastýringarteymi Íslandssjóða stýrir eignum fyrir hönd þeirra viðskiptavina sem gert hafa eignastýringarsamning við Íslandsbanka, hvort sem um ræðir einstaklinga, opinbera aðila eða fagfjárfesta.

Sérhæfðir sjóðir

Íslandssjóðir hafa frá árinu 2012 byggt upp mikla reynslu á sviði fasteignafjárfestinga og fasteignaðróunar auk framtaksfjárfestinga. Sex reyndir sérfræðingar stýra sérhæfðum fjárfestingasjóðum.

Heildareignir í stýringu
ma. kr.



Leiðandi í ábyrgum fjárfestingum

Íslandssjóðir fylgja aðferðum ábyrgra fjárfestinga í allri eignastýringu og stofnuðu á árinu 2018 fyrsta græna skuldabréfasjóð landsins. Íslandssjóðir gefa árlega út sjálfbæriskýrslu og á árinu 2022 voru í fyrsta skipti gefnar út upplýsingar um fjármagnaðan útblástur Íslandssjóða. Aðferðafræði frá Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF) var nýtt við útreikninga og var útreikningur birtur fyrir árin 2020 og 2021. Íslandssjóðir er fyrst rekstrarfélaga á Íslandi til að veita þessar upplýsingar.



Sjóðir í Íslandsbankaappinu

Íslandsbanki var fyrsti bankinn til að opna fyrir kaup á sjóðum í gegnum app. Nú fara um 47% viðskipta í gegnum appið en um 7% aukningu er að ræða á milli ára.



Eignir í stýringu

Sparnaður heimila hefur haldið áfram að aukast og töluverður hluti af þeim sparnaði hefur komið inn í sjóði.



Árs- og sjálfbærniskýrsla 2022

5 Sterkir innviðir sem byggja á fagmennsku



Stafrænir stórmeistarar 2.0

Íslandsbanki hefur náð góðum árangri í að bæta stafræna þjónustu við viðskiptavinum á árinu 2022. Verkefnið **Stafrænir stórmeistarar 2.0** hefur miðað að því að bæta enn frekar stafræna vörupróun bankans, með skilvirkni og virði fyrir viðskiptavinum að leiðarljósi. Þannig stefnir bankinn á að halda áfram að vera fremstur í flokki þegar kemur að þjónustu.

Stafræn vörupróun með viðskiptavininn að leiðarljósi

Viðskiptavinir Íslandsbanka geta nú nýtt enn fleiri stafrænar lausnir til að sinna sínum bankaviðskiptum á einfaldan og þægilegan hátt. Viðskiptavinir geta meðal annars átt viðskipti með hlutabréf og sjóði stafrænt í appi Íslandsbanka, afgreitt sig sjálfir á sjóðfélagavef bankans, notað hraðbanka án þess að vera með kort og bætt sínum bankavörum í „innkaupakörfu“ eins og þekkt er í helstu netverslunum. Íslandsbanki var fyrstur íslenskra banka til að innleiða kortalausar greiðslur frá Google Wallet fyrir Android notendur. Viðskiptavinir geta nú einnig valdið á milli þess að nota appið á íslensku, ensku eða pólsku.

Árið 2023 verður lykiláherslan á að nýta betur þann fjársjóð gagna sem bankinn býr yfir til að bæta enn frekar ákvarðanatöku og sjálfsafgreiðslu viðskiptavina, bæði hvað varðar einstaklinga og fyrirtæki.

Tæknilega sterkir innviðir og sjálfvirkni í þróun

Íslandsbanki hefur fjárfest í tæknilegum innviðum sínum á undanförunum árum og þannig gert bankanum kleift að leggja enn meiri áherslu á að þróa nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum. Tæknivinnu við uppsetningu á nýju útlánakerfi lauk 2021 og gögn voru flutt yfir í kerfið á árinu 2022. Nýja kerfið mun auka skilvirkni og efla enn frekar stafræna þjónustu við viðskiptavinum. Árið 2022 hefur verið fjárfest í nýju kortakerfi, sem mun bjóða upp á fjölbreytta virkni tengd kortaþjónustu. Bankinn hefur undanfarið fjárfest í uppfærslu helstu kjarnainnviða, sem gerir bankann enn skilvirkari sem stafrænan þjón viðskiptavina og samstarfsaðila.

Á árinu 2022 lagði bankinn áherslu á að auka sjálfvirkni innri ferla, við hugbúnaðarþróun og prófanir, stytta afhendingartíma og efla öryggi í rekstri. Við höfum haldið áfram að innleiða tækniumhverfi þar sem þróaðir eru innviðir og skjálausnir með nýjustu tækni. Við höfum undirbúið bankann fyrir velgengi í samkeppninni um stafrænar lausnir í bankaþjónustu í opnu vistkerfi.



Stafræn þjónusta byggð á ofurhúsi gagna

“

Vegferðin í átt að stafrænni, gagnadrifinni bankaþjónustu hélt áfram á fullum hraða 2022. Þáttaskil á þeirri vegferð var innleiðing á stafrænu ferli fyrir kaup á vörum bankans og næsta skref felst í innleiðingu á innbyggðri stafrænni sölu og markaðssetningu.

Íslandsbanki vinnur stöðugt að uppfærslu á dreifileiðum bankans og var meðal annars fyrstur á íslenskum markaði til að bjóða snertilausar greiðslur með Google Wallet. Viðskiptavinir geta nú einnig nýtt sér kortalausar hraðbanka, sjálfsafgreiðslu á nýjum sjóðfélagavef og hlutabréfaviðskipti í appi.

Árið 2023 verður áherslan lögð á að verða markaðsleiðandi varðandi stafræna upplifun og þjónustu til fyrirtækja, sem og hagnýtingu gagna í stafrænni þjónustu og sölu.

Riaan Dreyer
Framkvæmdastjóri Upplýsingatækni

Stafræn aðgerðaáætlun

Tækniþróunarsetur Íslandsbanka var stofnað í Varsjá 2021 og fyrsta starfsfólk teymisins var ráðið í lok þess árs. Á árinu 2022 hefur Íslandsbanki byggt upp kröftugt og fjölbreytt teymi hugbúnaðarþróunar í setrinu, sem vinnur að framgangi stafrænu aðgerðaáætlunar bankans.

Setrið í Varsjá vinnur náið með hugbúnaðarþróunarteymi bankans á Íslandi en stofnun setursins er stórt skref í átt að frekari þróun lausna með reynslumiklu og hæfileikaríku teymi.

Meiriháttar stafræn þróun á árinu

- Hlutabréfaviðskipti aðgengileg í appi.
- Íslandsbanki fyrstur á íslenskum markaði til að bjóða upp á Google Wallet™.
- Nýr sjóðfélagavefur Framtíðarauðs.
- Nýr söluvefur fyrir vörur og þjónustu.
- Fyrsti íslenski bankinn til að innleiða rafræna auðkenningu í hraðbönkum.
- Nú geta fyrirtæki sótt um yfirdrátt í appi Íslandsbanka.
- Fjárfest í hagnýtingu gagna fyrir stafræna sölu og markaðssetningu.
- Nýtt lánakerfi er lokaskrefið í uppfærslu allra kjarnainnviða bankans.
- Nú er Íslandsbankaappið aðgengilegt á ensku og pólsku.

99%

umsókna um
húsnæðislán
stafrænar

50%

af hlutabréfaviðskiptum
einstaklinga fer fram
í appi

80%

heimildabreytinga á
kreditkortum er gerð
í appi

95%

skráninga í séreigna-
lífeyrissparnað nú með
stafrænum hætti

70%

viðskiptavina nýta
eingöngu stafrænar
lausnir



Áhættustýring

Varfærið mat á áhættu og skynsamleg verðlagning hennar eru lykilþættir í rekstri Íslandsbanka. Skilvirk umgjörð áhættumats og innra eftirlits leggur grunn að áhættu- og eiginfjárstýringu bankans. Umgjörðin er skipulögð í þremur varnarlínum, með það að markmiði að ákvarðanir um áhættutöku séu vel ígrundaðar og að áhættuvitund í bankanum sé sterk.

Meðal starfsfólks Íslandsbanka ríkir sterk áhættu- vitund þar sem áherslan er á gagnsæi, opin samskipti, skýra ábyrgð, viðbrögð og virðingu fyrir áhættu. Allar viðskiptaákvarðanir og áhætta sem af þeim leiðir eru í höndum viðskiptaeyninga og lúta vel skilgreindu rýni- og eftirlitsferli. Umboð til ákvarðana fer eftir umfangi og flækjustigi undirliggjandi áhættu.

Fjármögnun bankans er fjölbreytt og styrk umgjörð eiginfjárstýringar byggir á staðalaðferð evrópskra eiginfjárréglna. Í árslok var eiginfjárlutfall bankans

22,2%, sem er 2,3 prósentustigum yfir kröfu eftirlitsaðila. Markmið Íslandsbanka er að viðhalda stjórnendaauka sem er 0,5–2,0 prósentustigum yfir ytri kröfum til að mæta væntum og óvæntum sveiflum í áhættugrunni og afkomu.

Bankinn er því vel í stakk búinn að mæta áframhaldandi efnahagslegri óvissu sem stafað gæti af stríðsátökum í Úkraínu og hefur fjárhagslegan styrk til að veita heimilum og fyrirtækjum þá þjónustu sem þau þarfnast til að lág- marka neikvæð áhrif verðbólgu og hærri stýrivaxta.



Heildstæð yfirsýn áhættupátta

“

Íslandsbanki býr að langri hefð í fjármögnun íslenskra heimila og fyrirtækja og er útlánaáhætta ríkjandi áhættupáttur í starfsemi bankans. Þrátt fyrir að útlánaáhætta vegi um 90% af áhættugrunni bankans er mikilvægt að umgjörð áhættustýringar nái til allra áhættupátta sem bankinn stendur frammi fyrir. Með heildstæðri yfirsýn áhættupátta er stjórnendum bankans kleift að taka upplýstar ákvarðanir sem falla innan áhættuvilja bankans.

Starfsumhverfi banka er sífellt að breytast og nýir áhættupættir að koma fram sem geta haft áhrif á áhættusnið bankans. Það er því mikilvægt að umgjörð áhættustýringar sé sveigjanleg til þess að geta borið kennsl á og lagt mat á nýja áhættupætti. Með bættri tækniþróun og skilvirkri umgjörð áhættustýringar er Íslandsbanki vel í stakk búinn að mæta breyttum kröfum og hafa eftirlit með og stýra bæði nýjum og hefðbundnum áhættum.

Guðmundur Kristinn Birgisson
Framkvæmdastjóri Áhættustýringar

Fjallað er ítarlega um alla helstu áhættupætti í sérstakri áhættuskýrslu sem kemur út ensku (e. Pillar 3 Report)

- ✓ **Áhættustýring og innra eftirlit**
- ✓ **Eiginfjárstýring**
- ✓ **Útlánaáhætta**
- ✓ **Markaðsáhætta**

- ✓ **Lausafjáráhætta**
- ✓ **Rekstraráhætta**
- ✓ **Sjálfbærniáhætta**

Áhættusnið

Útlánaáhætta er ríkjandi áhættuþáttur í starfsemi Íslandsbanka enda nemur hún um 90% af áhættugrunni bankans. Útlánaáhætta er áhættan sem stafar af því að viðskiptavinir standi mögulega ekki við sinn hluta af samningi, svo sem að endurgreiða ekki lán á réttum tíma. Markmið stýringar útlánaáhéttu er að ná viðunandi jafnvægi á milli áhéttu og tekna og að lágmarka neikvæð áhrif á heildarafkomu bankans. Stefna bankans varðandi útlánaáhéttu er varfærin sem hefur skilað sér í vel dreifðu og vel tryggðu lánasafni. Innan bankans hefur til langs tíma ríkt varkárni í áhættutöku. Nú er unnið að því að auka vægi stafrænna lausna í vörum og þjónustu bankans og þar með að lánaákvæðanir verði í auknum mæli gagnadrifnar, sem mun leiða til enn betri áhættustýringar.

Sjálfbærniáhætta

Nýjasta viðbótin við umgjörð áhættustýringar er sjálfbærniáhætta sem stýrt er í samræmi við sjálfbærni-stefnu og áhættuvilja bankans. Sjálfbærniáhætta stafar af hættunni á að verða fyrir neikvæðum ytri áhrifum umhverfis- og félagslegra þátta og stjórnarháttu (UFS-þættir). Til þeirra þátta teljast til dæmis loftslags-breytingar, líffræðilegur fjölbreytileiki, spilling, mannréttindi, aðstæður á vinnumarkaði, persónuvernd og viðskiptasiðferði.


Á árinu 2022 hélt bankinn áfram að þróa aðferðir sínar við að greina og stýra sjálfbærniáhættu. Þar ber helst að nefna birtingu atvinnugreinaðið í tengslum við frekari innleiðingu UFS- áhættumats fyrir fyrirtæki í viðskiptum við bankann, uppfærslu á útilokunarlista og skýrar vörður á leið að kolefnishlutleysi árið 2040 í samstarfi við Net-Zero Banking Alliance.

Áhættuskýrsla Íslandsbanka veitir ítarlegar upplýsingar um áhættustýringu og áhættusnið bankans og hvernig það tengist mati á eiginfjár- og lausafjárþörf.

Áhættuskýrsla

Í samræmi við ytri kröfur eru með áhættuskýrslunni birtar upplýsingar í stöðluðum töflum og sniðmátum, svonefndar **viðbótarupplýsingar samkvæmt 3. stoð**, en þær fylgja með sem Excel-skrá á vefsetri bankans.

Viðbótarupplýsingar samkvæmt 3. stoð



Varnarlínurnar þrjár

Fyrsta varnarlína er eigandi allrar áhéttu og þar liggur ábyrgð á daglegri stýringu áhéttu

Önnur varnarlína ber ábyrgð á að viðhalda skilvirkri innri umgjörð til að stuðla að fullnægjandi eftirliti með áhéttu, varfærum viðskiptaháttum, áreiðanlegri upplýsingagjöf, ásamt því að tryggja hlítu við lög, reglugerðir og kröfur eftirlitsaðila sem og við innri stefnur og verklagsreglur

Þriðja varnarlína veitir óháða staðfestingu þess að eftirlitsumgjörð í fyrstu og annarri varnarlínu sé skilvirk og viðeigandi



Árs- og sjálfbærnisráðsla 2022

6 Sjálfbær Íslandsbanki



Í átt að sjálfbærari framtíð

Íslandsbanki hefur einsett sér að vera hreyfiafl til góðra verka í íslensku atvinnulífi. Sífelld fleiri viðskiptavinir og samstarfsaðilar sjá þau miklu tækifæri sem felast í að Ísland verði leiðandi á sviði sjálfbærni.

Framgangur sjálfbærnimála á árinu

Mikill eldmóður einkenndi sjálfbærnivegferð Íslandsbanka á árinu en fjölmargt starfsfólk lagði lóð sín á vogarskálarnar. Flest ef ekki allt starfsfólk bankans sótti sér fræðslu og mætti á viðburði tengdum loftslagsmálum, fjölbreytileika eða innleiðingu á sjálfbærnitengdri löggjöf sem er í farvatninu. Haldnir voru fjölmargir fundir í sjálfbærniefnd á árinu 2022 en mikill fjöldi viðskipta- og lánastjóra flutti erindi fyrir nefndinni sem mörg hver sneru að UFS-áhættumötum og nýjum sjálfbærum útlánum. Útgáfa skýrslu bankans um **Leiðina að kolefnishlutleysi** var einn stærsti sjálfbærniáfangi ársins en fjölmargt starfsfólk setti fingrafar sitt á skýrsluna með einum eða öðrum hætti.

Á árinu lagði Íslandsbanki einnig sérstaka áherslu á að ræða sjálfbærni og loftslagsmál við mikilvæga birgja bankans.

Áskoranir á sjálfbærnivegferð ársins

Leiðin að kolefnishlutlausu Íslandi árið 2040 er svo sannarlega ekki auðveld eða að fullu kortlögð og var vinna við Kolefnishlutleysisskýrslu bankans að mörgu leyti krefjandi. Gögn er varða málaflokkinn eru af skorum skammti og markmið atvinnugreina um samdrátt í losun og uppfærð aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum liggja ekki fyrir. Það er hins vegar ljóst að ef metnaðarfull markmið ríkisstjórnarinnar eiga að nást þarf að taka hugröck skref og tryggja viðtækt samstarf allra helstu hagaðila innanlands. Við sjáum því fyrir okkur þörf fyrir að ítra skýrsluna á næstu misserum og halda áfram virku samtali við viðskiptavini, birgja og aðra hagaðila eins og undanfarin ár. Meðal annarra áskorana á árinu má nefna að vöxtur í sjálfbærum útlánnum var undir markmiðum og vinna við að setja mælanleg markmið um tækifæri til að valdefla konur og jaðarsetta hópa með vörum, fræðslu og annarri þjónustu gekk hægar en lagt var upp með.

Samstarf á sviði sjálfbærni

Þátttaka í innlendu og alþjóðlegu samstarfi er lykillinn að því að ná sem mestum árangri á sviði sjálfbærni. Íslandsbanki hefur í gegnum tíðina álitid það mikilvægt að taka þátt í alþjóðlegum skuldbindingum sem og að styðja við innlendan samstarfsvettvang á sviði sjálfbærni. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir bankann að vera hluti af alþjóðlegu samstarfi eins og UN Global Compact, Viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB), Samtökum norræna forstjóra um sjálfbæra framtíð og nú síðast að vera einn stofnenda alþjóðlegs samstarfs banka um kolefnishlutleysi (Net-Zero Banking Alliance).

Samstarf á sviði sjálfbærni





Helstu sjálfbærniáfangar á árinu 2022

Góður gangur var í innleiðingu sjálfbærnimarkmiða á árinu og náðust flest markmiðin en þó ekki öll. Samhent átak þvert á bankann er lykillinn að árangri og var ánægjulegt að finna mikinn eldmóð og áhuga hjá starfsfólki víðsvegar í bankanum.

90 stig af
100

Hæsta einkunn allra íslenskra fyrirtækja í sjálfbærnimati Reitunar

Tíu

fundir með birgjum til að ræða sjálfbærni og loftslagsmál

45%

birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglum birgja

Atvinnugreinaviðmið hafa verið birt fyrir þrjár atvinnugreinar:

byggingariðnað

ferðaþjónustu

sjávarútveg

>30

sjálfbærnitengdir fræðslufundir haldnir innan bankans

79 milljarðar króna útistandandi af sjálfbærum lánunum í lok árs 2022, þar af:

54% græn lán

33% blá lán

13% samfélagsleg lán

Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka veitir

40 milljónum króna

í 15 nýsköpunarverkefni tengd sjálfbærni

Hlutfall UFS áhættumetinnar útlánaáhættu hefur hækkað úr **34%** í lok árs 2021 í

76%

í lok árs 2022

Hlutfall kvenkyns starfsfólks í fjárfestingarbanka hækkaði úr 25% í

32%

Áhrifagreining Íslandsbanka

Íslandsbanki er stofnaðili að viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga banka-starfsemi. Fyrsta skrefið í innleiðingu viðmiðanna er framkvæmd áhrifagreiningar sem ber kennsl á helstu áhrif af vörum og þjónustu bankans á samfélag, hagkerfi og umhverfið sem bankinn starfar í.

Aðferð við greiningu helstu áhrifasviða

Í samræmi við greiningarverkfæri SP leit greiningin til A) grunnreksturs bankans og umfangs starfsemi og B) mikilvægustu áskorana og forgangsatriða í tengslum við sjálfbæra þróun á Íslandi¹. Samsetning og greining þessara tveggja hluta bar kennsl á helstu áhrifasvið bankans en við matið var stuðst við opinberar skýrslur ásamt því að teknir voru fundir við mikilvæga hagaðila á borð við Festu – miðstöð um sjálfbærni, Orkustofnun, Grænni byggð, Grænvang og UN Women á Íslandi. Meðal lykilheimilda voru meðal annars. **Mælaborð um stöðu Íslands gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum, Loftslagsvegvisir atvinnulífsins, Aðgerðaráætlun um skref í átt að hringrásarhagkerfi og Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.**

Grunnrekstur Íslandsbanka og umfang starfsemi

Íslandsbanki er alhliða banki og leiðandi í fjármála-þjónustu á Íslandi. Meðal vara og þjónustu eru sparnaður, lánveitingar, greiðsluþjónusta og fjárfestinga-bankaþjónusta. Íslandssjóðir, dótturfélag bankans, er auk þess leiðandi sjóðastýringarfyrirtæki á Íslandi.

Bankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum og er með sterka markaðshlutdeild á innlendum fjármálamarkaði.

Stærsti hluti lánasafns bankans er til einstaklinga (48%), svo verslun og þjónusta (15%), fasteignir (11%), sjávarútvegur (9%), og iðnaður og flutningar (8%) miðað við árslok 2022. Af útlánnum bankans til einstaklinga eru 89% húsnæðislán. Ennfremur er Íslandsbanki með 36% markaðshlutdeild meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Áhrifagreiningin tekur til helstu þjónustupátta bankans með áherslu á útlánastarfsemi og sparnað. Minni áhersla var að þessu sinni lögð á fjárfestingabankastarfsemi.

Niðurstaða áhrifagreiningar Íslandsbanka

Tvö efstu áhrifasviðin sem koma út úr greiningunni eru **loftslagsbreytingar** og **jafnrétti kynjanna**. Þessi svið voru þá þegar tvö af fjórum heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun sem fengu forgang við stefnumótun eftir greiningu og samtöl við ýmsa hagsmunaaðila bankans árið 2019. Önnur áhrifasvið sem greiningin benti til að væru mikilvæg fyrir Íslandsbanka voru **líffræðilegur fjölbreytileiki** og **vistkerfi** (einkum líf í vatni í ljósi þess að hátt hlutfall lánasafns bankans tengist sjávarútvegi) og **auðlindanýting/öryggi**. Eftir því sem fleiri gögn og greining þessara síðarnefndu málefna í íslensku samhengi verða tiltæk má búast við að áhersla á þau aukist.




Sjálfbær útlán vaxa um rúmlega þriðjung milli ára

Sjálfbærar eignir jukust um 36% á árinu 2022 og námu 79 milljörðum króna í lok árs 2022, til viðbótar hafa verið samþykkt útlán að fjárhæð 10 milljörðum króna sem ekki hafa verið greidd út m.v. áramót. Vöxturinn er töluvert undir markmiðum ársins um 40 milljarða króna aukningu sjálfbærra útlána. Minni vöxtur skýrist af því að heildarlán til fyrirtækja uxu minna en lagt var upp með á árinu og af þeim lánum sem veitt voru var hlutfall sjálfbærra útlána einnig undir væntingum.


Græn útlán voru 54% sjálfbærra útlána, blá lán tengd sjálfbært vottuðum fiskveiðum 33% og samfélagsleg útlán 13%. Ánægjulegt er að sjá að hlutfall bílafjármögnunar einstaklinga og fyrirtækja sem fellur undir sjálfbæra fjármálarammann hækka á milli ára og stendur í 18% í árslok. Þá var góður vöxtur í hlutfalli sjálfbærra framkvæmdalána sem, við lok þriðja ársfjórðungs námu um 40% af heildarskuldbindingu lifandi framkvæmdalánasamninga.

Sjálfbær fjármögnun Íslandsbanka var um áramótin 110 milljarðar króna, þar af voru 45 milljarðar eldri en 18 mánaða en sjálfbærri fjármálaramminn tiltekur að sjálfbærri fjármögnun skuli ráðstafað í sjálfbærar eignir innan þess tímaramma. Sett hafa verið metnaðarfull markmið um að hlutfall fyrirtækja og bílalána sem eru sjálfbær verði komið í 15% fyrir lok ársins 2023 og að þá verði staðan sú að sjálfbærar eignir verði aftur orðnar meiri en sjálfbærar skuldir bankans.


Sjálfbærar eignir í lok árs ma. kr.



Sjálfbærar eignir í árslok 2022, skipt eftir ári sem lánveiting fór fram



Sjálfbærar eignir í árslok 2022, skipt eftir flokkum í sjálfbærum fjármálaramma¹




¹Önnur græn lán ná til lána í tengslum við verkefni sem styðja við vistvænar- og hringrásarlausnir, líffræðilegan fjölbreytileika auk sjálfbærrar sorphirðu. Önnur samfélagsleg lán ná til lána í tengslum við félagslegt húsnæði og menntun.



Umhverfismál 2022


U1 Losun gróðurhúsalofttegunda

Kolefnisspor af rekstri



U5 Samsetning orku

Hlutfall af heildarorkunotkun (7,4 GWst)



U8 Loftslagseftirlit/stjórn

Hefur stjórn eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?



U9 Loftslagseftirlit/stjórnendur

Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?



U10 Mildun loftlagsáhættu

Fjárfestingar í mildum loftlagsáhættu var ekki metin á árinu en fólst m.a. Í ráðgjöf, aðildargjöldum, innviðum, vörupróun, markaðssetningu, viðburðum og kolefnisjöfnun.

U2 & U4 Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda og orkukræfni




Losunarkræfni starfsmanna
1.191 kgCO₂e/stöðugildi

Losunarkræfni veltu
16 kgCO₂e/milljón ISK

Orkukræfni á fermetra 439 kWh/m²

Orkukræfni á rúmmetra 124 kWh/m³

U6 Vatnsnotkun



Mikil lækun í kaldavatnsnotkun skýrist af sölu á fullnustueignum.

Aðrir mikilvægismælikvarðar út frá atvinnugeira

Eru UFS þættir teknir til greina við útlán og fjárfestingar?



Hlutfall UFS áhættumetinnar útlánaáhættu hefur hækkað úr 34% í lok árs 2021 í 76% í lok árs 2022.

Eru UFS þættir teknir til greina við þróun á nýjum og núverandi vörum?




Horft er til sjálfbærniáhættu í vörupróun.

Byður fyrirtækið starfsmönnum upp á reglulega fræðslu tengda UFS þáttum?



Að minnsta kosti 30 fjölbreyttir fræðslufundir voru í boði fyrir starfsmenn á árinu, þetta jafngildir viðburði aðra hvora viku allt árið um kring.

U3 Orkunotkun



U7 Umhverfisstarfsemi

Fylgir bankinn formlegri umhverfisstefnu?



Sjá sjálfbærnistefnu bankans, kafla 2 um umhverfismál.

Fylgir bankinn sérstökum úrgangs-, vatns-, og/ eða endurvinnslustefnum?



Með betri vöktun á sorpi frá Norðurtuninum er stefnt að því minnka almennt sorp eins og mögulegt er. Þá hefur verið sett markmið um 90% endurvinnsluhlutfall í síðasta lagi árið 2025.

Notar bankinn viðurkennt orkustjórnunarkerfi?



Klappir grænar lausnir og Main Manager.

Sjálfbærni-
uppgjör 2022

Stefnur, reglur
og verklag

Áritun
endurskoðenda

Kolefnisspor Íslandsbanka

Mat á fjármögnuðum útblæstri bankans sýnir að kolefnisspor af lánasafni og eignum í stýringu er margfalt stærra en kolefnisspor af rekstri. Stærsta tækifæri bankans til þess að vera hreyfiafl til góðra verka er í gegnum vöru- og þjónustuframboð, með öðrum orðum að valdefla og hvetja viðskiptavinum bankans á þeirra sjálfbærnivægferð.

Fjármagnaður útblástur 2021


Í október 2022 var fjármagnaður útblástur birtur fyrir árið 2021 en matið tók í fyrsta sinni til eigna í stýringu hjá Íslandssjóðum, dótturfélags Íslandsbanka. Fjármagnaður útblástur vegna lánasafns lækkar lítillega á milli árána 2020 og 2021 en þar togast á lækkun vegna breytinga í eignastuðlum og hækkun vegna minnkandi áhrifa af COVID-19 heimsfaraldrinum.

Lán sem falla undir iðnað ollu mestum útblæstri á árinu 2021 eða 35% en voru ekki nema 6% af heildarútlánum í krónum talið. Útblástur vegna fraktflutninga á sjó var næstmestur eða 15% en útlán þeirra vegna voru aðeins 2% af heildarútlánum. Þá ollu húsnæðislán innan við 1% af heildarútblæstri en voru 44% af heildarútlánum.


Jafnframt birtir Íslandsbanki áhrifaskýrslu árlega sem tilgreinir hvaða sjálfbæru lán bankans koma í veg fyrir mesta kolefnislosun. Árið 2021 var forðuð losun mest frá verkefnum tengdum úrgangsstjórnun og orkuskiptum í samgöngum. Íslandssjóðir, sjóðastýringarfélag í eigu Íslandsbanka, birtu einnig áhrifaskýrslu fyrir árið 2021 sem sýnir að forðuð losun af græna skuldabréfasjóðinum var mest frá úrgangsstjórnun og framleiðslu á endurnýjanlegri orku.

Þar sem útreikningar á fjármögnuðum útblæstri og forðaðri losun byggja á uppgjörum viðskiptavina munu niðurstöður fyrir árið 2022 ekki liggja fyrir fyrr en síðar á árinu 2023.

Leiðin að kolefnishlutleysi (á ensku)



Kolefnisspor af lána- og eignasafni 2021
Atvinnugreinaskipting útlásafns og kolefnisspors af lánasafni 2021
(Samtals = 145 ktCO₂i)



Í átt að kolefnishlutleysi lánasafns

Kolefnishlutleysisskýrsla Íslandsbanka, **On the Road to Net-Zero**, sýnir að markmið um kolefnishlutleysi lánasafns árið 2040 eru verulega metnaðarfull en möguleg í flestum atvinnugreinum, þó ljóst sé að orkuskipti í flugsamgöngum og fraktflutningum á sjó muni að öllum líkindum taka lengri tíma.

Íslandsbanki hefur gripið til margvíslegra aðgerða á sviði loftslagsmála og er eini íslenski bankinn sem er stofnfélagi í NZBA, alþjóðlegu samstarfi banka sem stefna að kolefnishlutleysi í starfsemi sinni. Á þeim vettvangi deila bankarnir, sem standa undir 40% af bankastarfsemi í heiminum, reynslu sinni og leiðum til þess að vinna sig í átt að þessu sameiginlega markmiði.

Í Kolefnishlutleysisskýrslunni birti bankinn markmið um samdrátt fyrir ákveðnar atvinnugreinar og ná þau yfir 61% heildarútlána og 71% heildarlosunar frá lánasafni bankans 2019. Viðmiðunarár markmiðanna er 2019 en mikil áhrif voru vegna COVID-19 á árunum 2020 og 2021 sem einnig hafa verið mæld. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að stefnt sé að samdrætti fjármagnaðs útblásturs frá efnahagsreikningi, það er að segja kolefnisspors af lánasafni bankans, um 60% fyrir árið 2030 og um 85% fyrir árið 2040.


Til skemmri tíma litið er búist við því að orkuskipti í vegasamgöngum verði sá þáttur sem skilar mestum samdrætti í kolefnisspori lánasafnsins. Vegna einstakra aðstæðna á Íslandi þar sem nærri 100% raforkuframleiðslu er frá endurnýjanlegum orkugjöfum og 85% húsa hitað með jarðhita, er ekki gert ráð fyrir að losun frá fasteignum og virkjunum minnki á tímabilinu. Íslandsbanki hefur hverfandi (og engin áform um að auka) útlán til annarra kolefnisfrekra greina sem tilgreindar eru af NZBA, það er ál, sement, kol, járn og stál, olía og gas.

Stefnt er að því að birta markmið um samdrátt á kolefnisspori fyrir fleiri atvinnugreinar í lánasafni bankans – sjávarútveg, landbúnað og byggingariðnað fyrir árslok 2023.

Markmið um samdrátt í kolefnisspori atvinnugreinar í lánasafni bankans
Samdráttur frá viðmiðunarári (2019)

Atvinnugrein	2030	2040	2050
Flug og alþjóðasiglingar	>65%	>75%	>95%
Vegasamgöngur	>50%	>75%	>95%
Íbúðar- og atvinnuhúsnæði	<0%	<0%	<0%
Orkuframleiðsla	0%	0%	0%

Áætluð þróun kolefnisspors af lána- og eignasafni
ktCO₂



Engin atvinnugreinamarkmið hafa verið sett fyrir aðrar greinar en þær fjórar sem taldar eru upp í töflunni, grafið gerir ráð fyrir 50% samdrátt í öðrum greinum í takt við loftslagsmarkmið og skuldbindingar Íslands.

Kolefnishlutlaus rekstur

Bankastarfsemi er ekki orkufrekur iðnaður en bankinn telur það engu að síður mikilvægt að vera fyrirmynd og setja sér metnaðarfull markmið varðandi mælingu útblásturs, minnkun á kolefnisspori og mótvægisáðgerðir. Með þessum hætti leggur bankinn sitt af mörkum hvað varðar þá hugarfarsbreytingu sem nauðsynleg er til þess að styðja við loftslagsáðgerðir.

Kolefnisspor af rekstri Íslandsbanka hefur verið metið og birt frá árinu 2017 samkvæmt aðferðarfræði Greenhouse Gas Protocol. Á þessu tímabili hefur markvisst áttak leitt til verulegrar lækkunar á losun sem tengist rekstri bankans. Á sama tíma hefur áhersla verið lögð á að taka tillit til fleiri óbeinna losunarvalda til þess að ná betur utanum heildarlosun bankans. Helstu viðbætur við sjálfbærniuppgjörið 2022 er kolefnislosun frá starfsstöð bankans í Póllandi og að dótturfélag bankans Íslandsjóðir er nú metið með ítarlegri hætti.

Heildarlosun Íslandsbanka frá rekstri var 919 tonn koltvísýringígilda (tCO_2i) árið 2022 en mælingin nær til töluvert fleiri þátta en á viðmiðunarárinu 2019. Heildarlosun í tengslum við losunarvalda sem voru mældir bæði árið 2019 og árið 2022 lækkaði um 39% sem er í námunda við markmið bankans um 40% samdrátt á tímabilinu. Íslandsbanki stefnir að því að draga úr kolefnisspori af rekstri bankans um 50% frá 2019 til 2024.

Kolefnisjöfnun með mótvægisáðgerðum

Frá árinu 2019 hefur bankinn tryggt að starfsemi hans sé kolefnisjöfnuð með mótvægisáðgerðum sem jafna

fyrir þann hluta sem ekki hefur verið unnt að minnka. Íslandsbanki leggur áherslu á fjölbreytt verkefni til þess að jafna kolefnisfótspor starfseminnar að fullu. Þar er áherslan á vottuð alþjóðleg verkefni, en bankinn styður einnig við þjóðhagslega mikilvæg verkefni á innlendum vettvangi.

Íslandsbanki kolefnisjafnaði rekstur bankans að fullu með kaupum á 1.000 vottuðum kolefnisjöfnunareiningum (e. Certified Emission Reduction units) í gegnum verkefni Sameinuðu þjóðanna, United Nations Carbon offset platform. Því til viðbótar studdi Íslandsbanki á árinu tvö mikilvæg innlend verkefni með kaupum á vottuðum einingum í bið (ex ante). Í fyrsta lagi er um að ræða einingar frá nýskógræktarverkefni á Arnaldsstöðum á vegum Yggdrasill Carbon. Í öðru lagi er um að ræða einingar frá íslenska sprotafyrirtækinu SoGreen sem vinnur að framleiðslu nýrrar tegundar kolefniseininga sem tryggja mun fulla fimm ára gagnfræðaskólamenntun stúlkna í Sambíu. Kolefniseiningarnar verða ekki virkar (ex post) fyrr en forðunin hefur raungerst og eru áhrifin af verkefnunum ekki talin með sem kolefnisjöfnun rekstrar bankans á árinu 2022, heldur gætu nýst á síðari árum þegar þau hafa raungerst.

STÆRSTU SIGRARNIR

48% samdráttur í kaupum á eldsneyti síðan árið 2019, aðallega vegna aukins hlutfalls rafmagnsbíla

45% samdráttur í losun vegna pappírnotkunar og prentunar samanborið við árið 2020

ÁHERSLUATRÍÐI TIL AÐ NÁ FRAM FREKARI SAMDRÆTTI Í LOSUN


Stefnt er að því að **hætta kaupum á jarðefnaeldsneyti** á bifreiðar aðrar en fullnustueignir fyrir lok mars 2023

Endurvinnsluhlutfall lækkaði í **47%** en stefnt að því að ná því upp í **90%** í síðasta lagi árið 2025

Aðhald í flugferðum (losun vegna þeirra var svipuð 2022 og 2019 en stefnt er að lækkun)

Færri ferðir til og frá vinnu auk umhverfisvænni samgöngumáta starfsfólks

Fimm stærstu losunarvaldar í rekstri árið 2022



Virkt samstarf og samtal við viðskiptavini

Sjálfbærni kemur sífellt oftar upp í samtölum við fulltrúa fyrirtækja í viðskiptum hjá bankanum og hefur áhugi aukist á sjálfbærum fjármögnunarmöguleikum. Í takt við þessa þróun hefur Íslandsbanki eflt fræðslu um sjálfbærni í samhengi ólíkra atvinnugreina, meðal annars með útgáfu atvinnugreinaviðmiða og viðburða um sjálfbæran rekstur.

Sjálfbær fjármögnun og fjárhagslegir hvatar

Umbreytingin í átt að kolefnishlutleysi krefst verulegrar fjárfestingar sem skapar tækifæri fyrir banka við að styðja fjármögnunarpörf viðskiptavina. Bankinn er ákveðinn í að skapa jákvæða hvata til að flyta fyrir fjárfestingu í nauðsynlegri umbreytingu til að sporna gegn loftslagsbreytingum. Möguleikinn til þess að veita slíkan hvata kemur annars vegar frá hagstæðari fjármögnunarkjörum bankans þegar gefin eru út sjálfbær skuldabréf og hins vegar frá öflugri stýringu sjálfbærniáhættu sem getur haft áhrif á útlánaáættu. Þannig er mögulegt að veita hagstæðari vaxtakjör til sjálfbærra verkefna og fyrirtækja í viðskiptum hjá bankanum.

Sjálfbær fjármögnun til fyrirtækja

Atvinnugreinaviðmið og sjálfbærniþræðsla

Á árinu birti Íslandsbanki atvinnugreinaviðmið (e. Sector guidelines), fyrstur íslenskra banka, en þau eru hugsuð sem verkfæri til að veita fyrirtækjum betri yfirsýn yfir áættu og tækifæri tengdri sjálfbærni í sinni atvinnugrein. Ólíkar atvinnugreinar geta verið útsettar fyrir mismunandi áættupáttum og innihalda viðmiðin sérsniðnar ráðleggingar um stýringu þeirra. Þrjú **atvinnugreinaviðmið** hafa verið birt og ná þau til byggingariðnaðar, sjávarútvegs og ferðaþjónustu. Það er von bankans að viðmiðin skapi sameiginlegan grundvöll Íslandsbanka, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila til að eiga frekara samtal um sjálfbærni.

Þá hefur bankinn einnig birt ítarlegt **fræðsluefni um sjálfbærni í rekstri** á vefnum og var viðburður haldinn í húsaýnum bankans í vetur um tengsl sjálfbærni og hagkvæms atvinnurekstrars. Fundurinn bar heitið **Sjálfbær rekstur er góður rekstur** og deildi þar góður hópur gesta sinni reynslu af því hvernig hægt er að skapa virðisauka með innleiðingu sjálfbærni í daglegan rekstur.

UFS áættumat og stýring sjálfbærniáhættu

Í lok árs 2022 höfðu 76% af allrar útlánaáættu verið metin með hliðsjón af UFS áættupáttum sem er hækkun frá 34% um síðustu áramót og umfram markmið ársins að ná hlutfallinu yfir 70%. Með þessu hefur náðst betri yfirsýn yfir hvar helsta áætta tengd sjálfbærni liggur í lánasafninu en bankinn hefur einsett sér að horfa til UFS viðmiða við mat á áættu og verðlagningu útlána bankans.

Á árinu var lögð áhersla á að skapa skýrara ferli við UFS áættumat og fræða og þjálfa stærri hluta starfsfólks í að framkvæma áættumatið. Þannig hefur sjálfbærni verið tvinnuð enn frekar inn í lykilferla bankans við lánveitingar. Átakið gekk vel og vakti bæði áhuga hjá starfsfólki á málefnum tengdum sjálfbærni og dýpkaði þekkingu þeirra á starfsemi viðskipavina sinna. Sífellt stærri hópur viðskiptavina gefur þessum málum gaum og taka viðskiptavinir samtalinu almennt fagnandi. Þessi jákvæði umræðugrundvöllur um sjálfbærni er uppspretta lærdóms sem gagnast báðum aðilum.

Nánari umfjöllun er að finna í áættuskýrslu bankans fyrir árið 2022 en þar er að finna sérstakan kafla um sjálfbærni- og loftslagsáættu sem fylgir alþjóðlegum TCFD (e. Task Force on Climate-related Financial Disclosures) viðmiðum.


Áættuskýrsla 2022 (á ensku)



Félagslegir þættir 2022

F1 Launahlutfall forstjóra

Laun og bónusgreiðslur forstjóra sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi



Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?



F4 Kynjafjölbreytni

Hlutfall kvenna í fyrirtækinu

58%

Hlutfall kvenna í byrjenda-starfi og næsta starfsprepi fyrir ofan

59%

Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda

46%

M.v. fjölda starfsmanna óháð starfshlutfalli

F7 Vinnuslysatiðni

Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna

0

F10 Mannréttindi

Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?



Bankinn leggur áherslu á virðingu fyrir mannréttindum og að eiga ekki viðskipti sem tengjast við hvers konar mannréttindabrot, t.d. mismunur á grundvelli kyns, trúar eða kynþáttar, sbr. sjálfbærnistefna.

Ef já, nær stefnan einnig til birgja og seljenda?



Birgjar skulu leggja áherslu á fylgni við lög, reglur og alþjóðlega samninga um vernd mannréttinda skv. siðareglum birgja.

F2 Launamunur kynja



Miðgildi heildarlauna karla sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna


1,36

Niðurstaða jafnlaunavottunar

0,2%

Íslandsbanki hefur hlotið faggilta jafnlaunavottun samkvæmt ÍST staðlinum 85:2012 árlega síðan 2018. Samkvæmt síðustu jafnlaunaúttekt var óútskýrður launamunur fyrir jafnverðmæt störf 0,2%.

F5 Hlutfall tímabundinna starfskrafta



F8 Hnattræn heilsa og öryggi

Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?



Íslandsbanka er annað um vellið starfsmanna og styður við heilbrigði með ýmsum hætti í takt við mannauðsstefnu bankans. Stefnan fjallar m.a. um mikilvægi hvetjandi starfsumhverfis.

Aðrir mikilvægismælikvarðar út frá atvinnugeira

Hefur fyrirtækið ferla fyrir upplýstranir sem eru vel kynntir fyrir starfsmönnum?



Öllu starfsfólki bankans stendur til boða úrræði við að koma upplýsingum um óviðeigandi háttsemi á framfæri með nafnlausum hætti.

Er fyrirtækið, og vörur þess, aðgengilegt fyrir jaðarhópa, lítil fyrirtæki eða samfélög?




Horft er til ýmissa þátta svo sem jafnréttis og aðgengis þar sem lögbær á aðgangi í útibúum og á skrifstofum.

Býður fyrirtækið upp á sjálfbær lán sem styðja við félagsleg markmið stjórnvalda?



F3 Starfsmannavelta

Árleg breyting fjölda starfsmanna



F6 Aðgerðir gegn mismunur

Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?



Mannauðsstefna Íslandsbanka leggur áherslu á jöfn tækifæri og að vinna markvisst gegn mismunur, kynferðislegu áreiti og einelti.

F9 Barna- og nauðungarvinna

Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun og nauðungarvinnu?



Sjálfbærnistefna Íslandsbanka tekur fram að bankinn mun ekki eiga viðskipti við aðila sem tengjast á nokkurn hátt barna- og nauðungarvinnu.

Ef já, nær stefnan einnig til birgja og seljenda?



Bankinn vill ekki eiga viðskipti við aðila sem stunda mannréttindabrot, s.s. þrælkun, barnavinnu, mismunur á grundvelli kyns, trúar eða kynþáttar eða brot gegn kjarasamningum sbr. siðareglur birgja.

Sjálfbærni-
uppgjör 2022

Stefnur, reglur
og verklag



Vinnustaður fjölbreytileikans

Íslandsbanki telst með bönkum sem eru með hvað mestan kynjajöfnuð í heimi og litið er á hann sem fyrirmynd á Íslandi. Á síðustu árum hefur áherslan færst í auknum mæli yfir á að tryggja jöfn tækifæri sem stuðla að fjölbreytileika og þátttöku allra í víðari skilningi en bara með tilliti til kyns.

Jöfn laun og tækifæri óháð kyni

Eitt mikilvægasta sjálfbærnimarkmið Íslandsbanka er að tryggja að hlutfall eins kyns fari ekki yfir 60% í stjórnendateymi bankans. Starfsauglýsingar eru ókyngreindar og þegar valið stendur milli jafn hæfra einstaklinga skal ráðið það kyn sem hallar á í einingunni. Gildi bankans og samsetning teymis eru höfð til hliðsjónar við ráðningar og ef gild rök mæla með því að ráðinn er einstaklingur af ákveðnu kyni vegna hlutlægra þátta sem tengjast starfinu er það heimilt. Bankinn útbjó aðgerðaáætlun til að fjölga konum í deildum þar sem kynjahalli hefur verið mikill og setti til að mynda mælanleg markmið um að hlutfall kvenna verði 35% í fjárfestingarbanka og 30% í upplýsingatækni. Jafnframt var skert á samstarfi við menntastofnanir til að auka hlut kvenna á þessum sviðum. Íslandsbanki hefur hlotið faggilta jafnlaunavottun samkvæmt ÍST staðlinum 85:2012 Jafnlaunakerfi árlega síðan 2018. Samkvæmt síðustu jafnlaunaúttekt var óútskýrður launamunur fyrir jafnverðmæt störf 0,2%.

Fjölbreytileiki og þátttaka allra

Íslandsbanki leggur ríka áherslu á að tryggja fjölbreytileika með því að bjóða öll velkomin, bæði viðskiptavinir og starfsfólk. Mikil áhersla er á að jafnræðis sé gætt þar sem starfsfólk bankans fær jafna meðferð óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Jafnframt leggur bankinn áherslu á að vinna gegn mismunun og að koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði.

Auk þess hefur bankinn stigið mörg skref í átt að frekara jafnrétti. Fjölmargir einstaklingar og samtök sem hafa verið jaðarsett á íslenskum vinnumarkaði hafa haldið erindi í bankanum til að fræða starfsfólk um sína stöðu og hefur jafnréttis- og fjölbreytniráð einnig verið sett á fót – en betur má ef duga skal. Íslandsbanki mun því ekki slá slöku við og heldur samtalið áfram með það að markmiði að gera betur á hverju ári og vera þannig hreyfiafl til góðra verka.




Íslandsbanki tryggir starfsfólki sínu **80% laun í fæðingarorlofi í 6 mánuði** með það að markmiði að tryggja jafnan hlut kynjanna enn frekar. Ennfremur er boðið upp á tímabundna aðlögun við endurkomu úr fæðingarorlofi.



Íslandsbanki hefur fengið **Jafnvægisvog Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA)** á hverju ári frá því verðlaunin voru veitt fyrst 2018. Jafnvægisvogin er viðurkenning fyrir að vera eitt af leiðandi fyrirtækjum á Íslandi þegar kemur að kynjajöfnuði.

Hlutfall kvenna í stjórn og framkvæmdastjórn





Fjárhagsleg heilsa


Aukinn áhugi, þekking og færni í fjármálum stuðlar að auknu sjálfstrausti og betri fjárhagslegri heilsu viðskiptavina. Hjá Íslandsbanka er áhersla lögð á að öll geti nýtt sér þjónustu bankans og að **fjármálafræðsla** nái til sem flestra óháð aldri, kyni, áhugasviði, staðsetningu, tíma og tungumáli.

Fræðsla

Eitt þeirra fjögurra heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem Íslandsbanki styður sérstaklega við er **menntun fyrir alla**. Bankinn bauð upp á fjölbreytta fjármálafræðslu á árinu en áhersla var lögð á að aðstoða viðskiptavinum við að feta sig í þeim breytingum sem orðið hafa á efnahag heimilanna samhliða hærri vöxtum og meiri verðbólgu.

Fræðslu um efnahagsmálin var miðlað í fjölmiðlum, með greinaskrifum og fjölda fyrirlestra fyrir viðskiptavinum, skóla, stofnanir og fyrirtæki. Alls sóttu um 4.100 manns 72 fræðslufundi á vegum bankans á árinu um fjármál í tengslum við barneignir, lífeyrismál, íbúðalán, sjávarútveg, ferðaþjónustu, konur og fjárfestingar, sjálfbærni, nýsköpun og fjárfestingar á hlutabréfamarkaði, svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu var öllum þeim börnum sem lögðu inn á Framtíðarreikning sinn gefnar bækur úr bókaflokknum Litla fólkið og stóru draumarnir en með því og nýjum þrautarbókum Georgs vill bankinn hvetja börn til að auka færni sína í lestri og stærðfræði.



Aðgengi að fjármálaþjónustu

Við viljum að einstaklingar geti nýtt sér lausnir okkar, án sérstillinga, óháð fötlun eða öðru sem getur hindrað fólk við að nota stafrænar lausnir. Til að tryggja sem best aðgengi að stafrænum lausnum framfylgir Íslandsbanki alþjóðlega staðlinum WCAG 2.1 level AA í allri sinni þróun. Staðallinn tekur til greina þarfir sjónskertra, litblindra og einstaklinga með skerta hreyfigetu, lesblindu, einhverfu eða námsörðugleika.

Á árinu hefur Íslandsbanki haldið áfram að leggja kapp á að auðvelda aðgengi nýbúa að fjármálaþjónustu. Upplýsingagjöf um fjármálaþjónustu fyrir nýkomna var aukin á árinu og er app og netbanki nú í boði bæði á ensku og pólsku.

Valdefling viðskiptavina

Viðskiptavinir Íslandsbanka eru fjölbreyttur hópur og var áhersla aukin á árinu við að greina þarfir þeirra með tilliti til þátttöku allra. Meðal annars var nýtt stöðugildi stofnað á einstaklingssviði með áherslu á konur sem fjárfesta og viðburður haldinn um konur og fjárfestingar sem á mættu yfir 200 gestir.

Þá voru fleiri samfélagsleg útlán veitt á árinu sem samræmast sjálfbærum fjármálaramma bankans. **Áhrifaskýrsla Íslandsbanka** greinir frá áhrifum þeirra sjálfbæru lána sem styðja við heimsmarkmiðin **Jafnrétti kynjanna** og **Aukinn jöfnuður**. Meðal annars hafa 30 lán verið veitt til fyrirtækja sem viðhafa kynjajafnvægi í sinni stjórn.





Stuðningur við nýsköpun

Íslandsbanki hvetur til sjálfbærrar nýsköpunar og þróunar á Íslandi með beinum styrkjum til frumkvöðla auk stuðnings við **Sjávarklasann**, **Orkuklasann** og Nýsköpunarvikuna.

Fimmtán fyrirtæki hlutu styrki fyrir alls 40 milljónir króna í úthlutun Frumkvöðlasjóðs Íslandsbanka á árinu. Markmið Frumkvöðlasjóðsins er að hlúa að nýsköpun og styðja við bakið á frumkvöðlaverkefnum sem stuðla að framgangi þeirra heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem Íslandsbanki leggur áherslu á. Á árinu voru loftslagsvænar snjalllausnir og verkefni tengd nýtingu aukaafurða fyrirferðarmikil.

Verkefnin sem hlutu styrk í ár eru á fjölbreyttum sviðum en sem dæmi þróar **BioBuilding** aðferðir við að nota innlent ræktaðan iðnaðarhamp sem byggingarefni og stuðlar þannig að umhverfisvænum byggingariðnaði. Þá framleiðir **CoolWool ehf.** kælipakkningar úr sellúlósakvoðu, meðal annars úr úrgangsgrasi og grænmeti, án þess að í þeim sé nokkurt plast og fyrirtækið **Epoch** er langt komið með þróun snjalltunnu sem flokkar rusl sjálf með aðstoð gervigreindar.

AUK ÞESS HLOTU ÚTHLUTUN Í ÁR

Deed Delivery

Fine Foods Íslandica

Hraðið

Hreinar sápur

Lilja

María Eymundsdóttir

Melta

On to something

Sara – stelpa með ADHD

Snið.Mót

So Green

Vsolve ehf.

Nánari lýsingar á verkefnum

“

Gaman er að sjá þá miklu grósku sem til staðar er í íslensku frumkvöðlastarfi og endurspeglast í þeim fjölda umsókna sem við fáum á hverju ári um styrk úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka. Verkefnin eru afar fjölbreytt en eiga sammerkt að vera afar spennandi, ríkur vilji í að bæta heiminn og taka þátt í framtíðarhagvexti íslensks samfélags. Afar ánægjulegt er að geta með þessum hætti stutt framgang íslensks hugvits.

Una Steinsdóttir

Framkvæmdastjóri Viðskiptabanka og stjórnarmeðlimur Frumkvöðlasjóðs Íslandsbanka



Stjórnarhættir 2022

S1 Kynjahlutfall í stjórn

57%

Hlutfall kvenkyns **stjórnarmeðlima**

67%

Hlutfall kvenkyns **nefndarformanna**

S4 Kjarasamningar

Hlutfall starfsmanna
sem fellur undir almenna
kjarasamninga

100%

S7 Persónuvernd

Framfylgir fyrirtækið
persónuverndarstefnu?

Persónuverndarstefna bankans er ítarleg og
aðgengileg á vef bankans. Persónuvernd og
öryggi persónuupplýsinga eru mikilvægir þættir í
starfsemi Íslandsbanka og bankinn tekur alvarlega
þær skyldur sem þeim fylgja.

Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að
fylgja GDPR reglum?

S10 Gögn tekin út / sannreynd af ytri aðila

Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð
eða staðfest af þriðja aðila?

Endurskoðunarfyrirtækið Ernst & Young ehf. yfirför
og veitti staðfestingu með takmarkaðri vissu fyrir
alla sjálfbærniupplýsingagjöf bankans árið 2022.

Áritun endurskoðenda

S2 Óhæði stjórnar

Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna
stjórnarformennsku?

Í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 á Íslandi
getur forstjóri ekki verið stjórnarformaður sama félags.

86%

Hlutfall óháðra stjórnarmanna

S5 Siðareglur birgja

Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess
að fylgja siðareglum?

Ef svarið er já, hversu
hátt hlutfall birgja hefur
formlega staðfest að
þeir fylgi siðareglunum?

45%

S8 Sjálfbærnisráðgjafi

Birtir fyrirtækið sjálfbærnisráðgjafi?

Íslandsbanki birtir árs- og sjálfbærnisráðgjafi á
hverju ári.

Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til
stjórnvalda gögn um sjálfbærni?

Aðrir mikilvægismælikvarðar út frá atvinnugeira

Hefur fyrirtækið skoðað UFS áhættu tengda
ólíklegum en stórbrotnum atburðum?

Já, sem hluta af innri álagsprófum.

Hefur fyrirtækið skoðað langtímaáhættu tengda
UFS þáttum?

Já, sjá nánar í áhættuskýrslu fyrir árið 2022.

Framfylgir fyrirtækið samkeppnisréttaráætlun?

S3 Kaupaukar

Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka
fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?

Í 8. grein starfskjarastefnu bankans kemur fram að
bankinn heimilar ekki kaupauka.

S6 Siðferði og aðgerðir gegn spillingu

Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða
stefnu gegn spillingu og mútum?

Íslandsbanki hefur sett siðareglur fyrir starfsfólk og stjórn auk
þess sem sjálfbærnistefna bankans leggur áherslu á þessa
þætti. Bankinn hefur ennfremur sett sér stefnu um baráttu gegn
peningabætti.

Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna
hefur formlega staðfest að það
fylgi stefnunni?

99%

S9 Starfsvenjur við upplýsingagjöf

Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni
til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?

Íslandsbanki veitir upplýsingar um sjálfbærni meðal annars
til CDP, UN Global Compact og UN Environmental
Programme - Financial Initiative

Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin
heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um
sjálfbæra þróun (UN SDGs)?

Íslandsbanki leggur áherslu á að styðja við fjögur af
heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun: #4 menntun fyrir
alla, #5 jafnrétti kynjanna, #9 nýsköpun og uppbygging, #13
aðgerðir í loftslagsmálum.

Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu
um framvindu heimsmarkmiða SP?

Íslandsbanki hefur sett sér sjálfbærnimarkmið til ársins
2025 með tengingu við heimsmarkmið SP.

Sjálfbærni-
uppgjör 2022

Stefnur, reglur
og verklag

Góðir stjórnarhættir

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarhátta.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Stjórnarhættir Íslandsbanka eru í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og gerir bankinn árlega úttekt á því hvort stjórnarhættir bankans séu í samræmi við þær. Gerð er nánari grein fyrir stjórnarháttum bankans í stjórnarháttayfirlýsingu.

Starfs- og siðareglur

Starfs- og siðareglum bankans er ætlað að stuðla að góðum starfsháttum innan bankans og styðja við regluverk bankans. Reglurnar hafa að geyma mikilvægar leiðbeiningar til starfsfólks meðal annars varðandi áhættumenningu, persónuvernd, ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og tilkynninga um misferli.

[Stjórnarháttayfirlýsing](#)

[Starfs- og siðareglur](#)

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skipa ríkan sess í starfsemi bankans og hefur bankinn einsett sér að koma í veg fyrir að hann eða vörur hans verði notaðar í að þvætta fé eða fjármagna hryðjuverk. Sterkar peningaþvættisvarnir byggjast á öfluglu samspili eftirlits starfsfólks og kerfa sem og góðum stjórnarháttum. Auk stefnu bankans um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka starfar starfsfólk samkvæmt verklagi til að draga úr slíkri áhættu og allt starfsfólk bankans fær að minnsta kosti árlega þjálfun og fræðslu um málaflokkinn.

Samstarf við birgja

Árið 2021 var innleitt nýtt kerfi sem heldur utan um samninga við birgja, þar á meðal upplýsingar um hvort þeir hafa undirritað siðareglur birgja og staðfest hlítni við þær. Nú hafa birgjar sem standa á bakvið 45% af innkaupum bankans árið 2022 undirritað siðareglurnar. Bankinn hefur fundað með fjölda birgja á árinu gagngert til að ræða sjálfbærnimál og hefur fengið mjög jákvæða endurgjöf.

[Siðareglur birgja](#)



Stjórnarhættir varðandi sjálfbærni

Skýrt skilgreind hlutverk og ábyrgð stjórnenda á sviði sjálfbærni tryggja reglulega eftirfylgni með málaflokknum og styrkja getu bankans til að takast á við áskoranir og tækifæri sem honum fylgja.

Áritun endurskoðenda

Hlutverk stjórnar og framkvæmdastjórnar

Stjórn Íslandsbanka samþykkir sjálfbærnistefnu og sjálfbærnimarkmið bankans og ákvarðar áhættuviljann hvað varðar sjálfbærnitengda áhættu. Stjórnarháttar- og mannauðsnefnd, sem er undirnefnd stjórnar, hefur það hlutverk að aðstoða stjórn við að hafa eftirlit með, og fjalla um, innleiðingu á sjálfbærnistefnu bankans, svo sem framkvæmd sjálfbærs fjármálaramma og mótun sjálfbærnimarkmiða, hafa eftirlit með fylgni við sjálfbærnistefnuna og gera tillögur að úrbótum til stjórnar eftir atvikum. Stjórn er upplýst um stöðu sjálfbærni með reglulegu millibili og eru helstu mælikvarðar sjálfbærni hluti af mánaðarlegu áhættumælaborði stjórnar.

Bankastjóri er eigandi sjálfbærnistefnunnar en framkvæmdastjórn ber ábyrgð á framkvæmd sjálfbærnimarkmiða og að viðeigandi reglur og verklag innan starfssviðs þeirra séu í samræmi við sjálfbærnistefnuna.

Sjálfbærninefnd

Sjálfbærninefnd er formlegur vettvangur fyrir rýni og umræðu um mál er varða sjálfbærniáhættu (þar með talið UFS-áhætta), sjálfbær innkaup og viðskiptatækifæri. Nefndin gegnir eftirlitshlutverki varðandi notkun á sjálfbærum fjármálaramma innan bankans og fylgist með framgangi árlegra undirmarkmiða.

Í Sjálfbærninefndinni sitja bankastjóri (formaður nefndar), forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni, fjármálastjóri og fjárfestatengill bankans auk fulltrúa frá viðskiptaeiningum. Nefndin er upplýst um framgang allra sjálfbærnimarkmiða bankans að minnsta kosti ársfjórðungslega og er þá sérstaklega fjallað um aðgerðir til þess að bregðast við stöðu þar sem framgangur er undir áætlun. Í flestum tilvikum hefur þá verið sett í gang aðgerðaráætlun um hvernig hægt sé að flýta vinnu við markmiðin en í einstaka tilvikum hafa ytri aðstæður krafist þess að markmið hafa verið endurskoðuð.

Gagnsæi

Á árinu höfum við lagt kapp á að auka enn frekar gagnsæi aðgerða og upplýsingargjafar bankans á sviði sjálfbærni. Kolefnisspor af lánasafni bankans fyrir árin 2019, 2020 og 2021 hefur verið birt í samræmi við PCAF aðferðafræðina. Þá voru Íslandssjóðir, dótturfyrirtæki Íslandsbanka, fyrsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins til þess að birta fjármagnaðan útblástur eigna í stýringu. Starfsfólk bankans kynnti vinnu sína við mælingarnar fyrir sérfræðingum víða um heim og hlaut bankinn hrós frá PCAF samtökunum fyrir vel unnin störf.

Íslandsbanki birti einnig loftslagsmarkmið fyrir árið 2030 í samræmi við aðferðafræði **NZBA**, skilaði mælingum á kolefnisspori frá rekstri og lánasafni bankans inn til **Climate Disclosure Project**, umfangsmesta gagnasafns heims yfir umhverfisáhrif fyrirtækja, og veitti skýrslugjöf í samræmi við viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB). Í ár hefur öll sjálfbærniupplýsingagjöf í árs- og sjálfbæriskýrslu Íslandsbanka verið yfirfarin og hlotið takmarkað álit EY.



PRINCIPLES FOR
RESPONSIBLE
BANKING

TCFD TASK FORCE ON
CLIMATE-RELATED
FINANCIAL
DISCLOSURES



NORDIC
CEOs
FOR A
SUSTAINABLE
FUTURE




Festa

Þátttaka starfsfólks og sjálfbærnimenning

Þátttaka starfsfólks er lykilatriði í að ná sjálfbærnimarkmiðum bankans og skapa fyrirtækjamenningu sem styður við vegferðina.

Fræðsla og vitundarvakning

Á hverjum ársfjórðungi stóð starfsfólki til boða að taka þátt í fræðsluviðburðum og vinnustofum í tengslum við heimsmarkmið þess fjórðungs. Sérstaklega voru margir viðburðir í tengslum við umhverfismál en sem dæmi bauðst starfsfólki að hlýða á fyrirlestra frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, UN Women, Landvernd og orkumálastjóra. Einnig voru haldnir margir fundir í sjálfbærnisráði þar sem meðal annars komu erlendir sérfræðingar frá leiðandi fjármálastofnunum að deila sinni þekkingu.



Sjálfbærnidagatal Íslandsbanka endurspeglar í atburðum, fræðslu og möguleikum til að rétta Hjalparhönd en markmiðið er aukin þekking á heimsmarkmiðunum, styrkja sjálfbærnimenningu og tækifæri fyrir allt starfsfólk að vera hreyfialf til góðra verka.

Starfsfólk bankans réttir Hjalparhönd

Íslandsbanki hefur í meira en 10 ár boðið starfsfólki sínu að leggja sitt af mörkum til góðgerðamála. Starfsfólk bankans getur varið einum vinnudegi á ári í þágu góðs málefns en verkefnið ber heitið Hjalparhönd. Að þessu sinni lagði starfsfólk fram Hjalparhönd í yfir 600 klukkustundir samtals. Verkefnin eru fjölbreytt en á árinu lagði starfsfólk hönd á plóg við að pakka jólagjöfum sem sendar voru til barna í Úkraínu, skógrækt, strandhreinsun með Bláa hernum, innpökkun á Bleiku slaufunni og jólabakstur fyrir Hlíðabæ sem er dagvistun fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóm. Margar deildir bankans hafa um árabil stutt við sama málefni eða félagsamtök en til að mynda hefur hópur starfsfólks tekið til hendinni við jólaþrif- og skreytingar í Ljósinu á hverri aðventu síðan 2016.

Starfsfólk rekstrardeildar og stefnumótunar taka þátt í strandhreinsun á Reykjanesinu með Bláa hernum



Samfélagsstyrkir og Reykjavíkumaraþon

Meðal verkefna sem hlutu styrk á árinu 2022 má nefna mannúðaraðstoð Rauða krossins vegna stríðsátaka í Úkraínu, UN Women á Íslandi, Íþróttasamband fatlaðra, Krýsuvíkursamtökin meðferðarheimili, Konur í sjávarútvegi og útgáfa Blindrafélagsins á barnabókaefni á táknmáli.

Bankinn er auk þess aðalstyrktaraðili Reykjavíkumaraþons og fór af stað með Hlaupastyrk þar sem hlauparar geta safnað áheitum fyrir góðgerðarfélag. Þetta er stærsta góðgerðarsöfnun landsins en heildarupphæð áheita sem hafa safnast í tengslum við Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka frá því áheitasöfnun hófst árið 2006 er nú komin yfir 1,2 milljarða króna. Íslandsbanki greiðir allan kostnað við vef Hlaupastyrks og söfnun áheita og renna þau því óskert til félaganna. Í ár söfnuðu hlauparar um 133 milljónum króna.

Sjálfbærnimarkmið fram á veginn

Sjálfbærnimarkmið Íslandsbanka fram til ársins 2025 eru samþykkt af stjórn og hafa skýra tengingu við heimsmarkmiðin auk þess að samræmast öðrum alþjóðlegum viðmiðum. Í samræmi við áhrifagreiningu bankans hefur áhersla verið lögð á loftslags- og jafnréttismál en þar eru talin mest tækifæri til að vera hreyfiafl til góðra verka. Loftslagsmarkmið bankans eru sett fram í samræmi við leiðbeiningar Net-Zero Banking Alliance (NZBA) með það fyrir augum að styðja við markmið Parísarsáttmálans og metnaðarfull loftslagsmarkmið Íslands. Vísir að aðgerðaráætlun vegna loftslagsmarkmiða var birt í **Kolefnishlutleysisskýrslu** Íslandsbanka sem kom út í október 2022.

Hvað varðar markmið sem snúa að fjölbreytileika og þátttöku allra er meðal annars horft til viðmiða Women's Empowerment Principles sem bankinn gerðist aðili að árið 2011.

	Sjálfbærnimarkmið til 2025	Undirmarkmið fyrir árið 2023 ¹
 Umhverfismál	1. Kolefnishlutleysi að fullu fyrir árið 2040	Birta markmið um samdrátt í kolefnisspori fyrir fleiri atvinnugreinar í lánasafni bankans – sjávarútveg, landbúnað og byggingariðnaði. Halda að minnsta kosti 25 fundi með viðskiptavinum fyrirtækja til þess að ræða sjálfbærni og kolefnishlutleysi.
	2. Bjóða upp á sjálfbært vöruframboð	Auka hlut sjálfbærra fyrirtækjalána í lánasafninu í 15%. Markaðssetja að minnsta kosti tvær nýjar sjálfbærar vörur fyrir einstaklinga.
 Félagslegir þættir	3. Hvetja til fjölbreytileika og þátttöku allra með vöruframboði	Huga sérstaklega að jafnrétti og þátttöku allra á fundum og fræðslu fyrir viðskiptavini. Kynna til leiks vegferðir fyrir einstaklinga sem eru að flytja erlendis frá.
	4. Fjölbreytileiki og þátttaka allra á vinnustað	Jafnréttisráð að fullu starfhæft. Aðgerðaráætlun og markmið sett og fylgt eftir af framkvæmdarstjórn. Stefnt er að hlutfall kvenna í fjárfestingarbanka verði 35% og 30% í upplýsingatækni.
 Stjórnarhættir	5. Samstarf við birga	Birgjamat framkvæmt á 30 stærstu birgjum á sviði upplýsingatækni. Siðareglur birgja uppfærðar og hlutfall birgja sem hafa skrifað undir siðareglurnar (eða sett sér sambærilegar reglur) hækkað úr 45% í >75%.
	6. Mæla sjálfbærniáhættu, skilgreina ábyrgð á málaflokk og auka við upplýsingagjöf	Framkvæma og birta frummat á áhættum og tækifærum tengdum líffræðilegum fjölbreytileika. Þróa áfram og innleiða UFS-áhættumat á lántakendum. Meta öll stærri fyrirtæki fyrir árslok og gera ESG áhættumat að skyldu fyrir öll ný fyrirtækjalán >150 milljónir króna
	7. Styðja við fjögur af heimsmarkmiðum SP	Aukin áhersla á fræðslu þvert á bankann í tengslum við heimsmarkmiðin og sjálfbær fjármál. Stuðningur við menntun fyrir alla með því að gefa tölvubúnað til að minnsta kosti 5 frjálsra félagasamtaka / menntastofnana.

¹Árleg undirmarkmið byggja á vinnu deilda og eininga bankans sem á sér stað sem hluti af árlegri fimm ára áætlunargerð.



Árs- og sjálfbærniskýrsla 2022

7 Efnahagságrip



Efnahagságrip

Hagvöxtur var myndarlegur á síðasta ári, studdur af örum vexti útflutnings, próttmikilli einkaneyslu og talsverðum fjárfestingarvexti. Vaxandi þenslumerki grófu þó um sig í hagkerfinu og birtust einkenni þenslunnar meðal annars í spenntum íbúðamarkaði, allnokkrum viðskiptahalla og vaxandi verðbólgu. Horfur eru á hægari vexti íslenska hagkerfisins í ár og aðlögun að jafnvægi í hagkerfinu mun væntanlega endurspeglast í bata í utanríkisviðskiptum, jafnvægi á vinnumarkaði og hjaðnandi verðbólgu.

Árið 2022

Eftir allmyndarlegan vöxt árið 2021 bætti verulega í hagvaxtartaktinn á árinu 2022. Hagvöxtur mældist 7,4% á fyrstu níu mánuðum ársins og útlit er fyrir að vöxturinn reynist 7,0% á árinu í heild.

Hraðan hagvöxt 2022 má að verulegu leyti þakka kraftmiklum vexti einkaneyslu, sem óx um 10,9% að raunvirði á fyrstu þremur fjórðungum ársins. Einkaneysluvöxturinn var studdur batnandi atvinnuástandi, sterkri fjárhagsstöðu þorra heimila, fólksfjölgun og miklum ferðavilja eftir ferðatakmarkanir faraldursins.

Vöxtur fjármunamyndunar var einnig nokkur á síðasta ári og lætur nærri að hann hafi numið rúmlega 4% á heildina litið. Vöxturinn var borinn uppi af allmyndarlegri aukningu í fjárfestingu fyrirtækja og hins opinbera en líklega skráð íbúðafjárfesting hins vegar nokkuð saman á árinu 2022.

Einnig tók útflutningur myndarlega við sér á síðasta ári og er útlit fyrir að útflutningsvöxtur hafi numið tæplega

23% á árinu í heild. Á móti kallaði hraður vöxtur innlendrar eftirspurnar og útflutnings á stórauðinn innflutning og eru horfur á að hann hafi aukist um tæpan fimmtung á árinu 2022.

Viðskiptahalli meiri en vænst var

Ferðapjónusta lék lykilhlutverk í vexti útflutnings og vænkaðist hagur hennar hratt eftir að slakað var á sóttvarnartakmörkunum hérlandis sem erlendis undir vetrarlok í fyrra. Alls komu u.þ.b. 1,7 milljón ferðamanna til Íslands á síðasta ári, sem er svipaður fjöldi og árið 2016. Aðrir vaxtarsprotar meðal útflutningsgreina voru meðal annars fiskeldi, hugverka- og upplýsinga-tæknigeirinn og loðnuafurðir svo eitthvað sé nefnt. Þá sveiflaðist verð á útflutningsafurðum talsvert á liðnu ári, ekki síst álverð sem hækkaði skarpt á fyrri helmingi árs en lækkaði jafnharðan á seinni árhelmingi.

Á innflutningshliðinni var verulegur vöxtur hvort tveggja í vöruinnflutningi og innflutningi á þjónustu. Innflutningur neysluvara og eldsneytis jókst verulega og talsverður vöxtur var einnig í innflutningi á almennum

fjárfestingarvörum. Þá fóru landsmenn erlendis í talsvert miklum mæli og voru tíðar utanlandsferðir meðal helstu áhrifaþátta á vöxt innfluttrar þjónustu milli ára.

Viðskiptahalli var talsverður á síðasta ári, annað árið í röð eftir tæplega áratugar samfelldan viðskiptaafgang. Mikill halli á vöruskiptum og talsverður halli á þáttatekjujöfnuði réði þar mestu en á móti vó afgangur af þjónustuviðskiptum. Erlend staða þjóðarbúsins rýrnaði nokkuð í fyrra en er þó enn býsna sterk. Námu erlendar eignir að frádregnum erlendum skuldbindingum í árslok tæpum fjórðungi af landsframleiðslu ársins.

Vinnumarkaður að fullu jafnað sig eftir faraldur

Bati á vinnumarkaði var kraftmikill á liðnu ári. Atvinnuleysishlutfallið lækkaði úr 5,2% í upphafi ársins niður í 3,4% í árslok og er þar með komið á svipaðar slóðir og var fyrir faraldur. Að auki fækkaði þátttakendum í tímabundnum vinnumarkaðsúrræðum mikið á árinu. Þá fjölgaði starfandi á vinnumarkaði um ríflega 7% á árinu 2022 frá árinu áður.

Laun hækkuðu almennt umtalsvert á síðasta ári. Að jafnaði hækkuðu laun um 8,3%. Var hækkunin hlutfallslega mest hjá lægri tekjuhópum þar sem gildandi kjarasamningar hljóðuðu almennt upp á krónutölhækkun. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði runnu flestir út í októberlok og stór hluti launafólks á almennum markaði gerði í kjölfarið samninga við vinnuveitendur sem gilda munu fram í janúar 2024. Kaupmáttur launa lægri tekjuhópa jókst á árinu þrátt fyrir umtalsverða verðbólgu en kaupmáttur

þeirra sem hærri tekjur höfðu skráð hins vegar nokkuð saman.


Ör vöxtur verðbólgu kallaði á umtalsverða hækkun stýrivaxta

Gengi krónu var að jafnaði ríflega 3% hærra á síðasta ári en á árinu á undan gagnvart körfu helstu viðskiptamynta. Þróunin innan ársins var þó tvískipt: Frá áramótum fram í sumarbyrjun hækkaði gengi krónu talsvert en lækkaði að sama skapi umtalsvert eftir það. Í árslok 2022 var gengi krónu því nærri 3 prósentum lægra en í upphafi árs. Meiri viðskiptahalli en vænst var, umtalsverð fjárfesting innlendra aðila í erlendum verðbréfum, óhagstæð fjármögnunarskilyrði erlendis á seinni hluta árs og breyttar væntingar voru meðal helstu áhrifaþátta í veikingunni frá júníbyrjun.

Verðbólga óx umtalsvert á liðnu ári, úr 5,7% í byrjun árs upp í 9,6% í árslok. Mikil verðhækkun á innfluttum vörum í kjölfar stríðsátaka í Úkraínu, veiking krónu á seinni hluta ársins, hröð hækkun íbúðaverðs og vaxandi þensla innanlands lögðust á eitt um að þrýsta upp verðlagi innanlands á árinu. Verðbólga náði hámarki í tæplega 10% í júlí og hjaðnaði heldur eftir það þrátt fyrir bakslag í þeirri leitni í desembermánuði.


Seðlabankinn brást við versnandi verðbólguhorfum og vaxandi þenslumerkjum í hagkerfinu með verulegri hækkun stýrivaxta, sem fóru úr 2,0% í ársbyrjun í 6,0% í lok árs. Hækkun stýrivaxta endurspegladist í hækkun á raunvöxtum eftir því sem leið á árið 2022. Þannig hækkaði ávöxtunarkrafa á lengri flokkum verðtryggðra ríkisbréfa úr u.þ.b. 0,5% í tæp 2,0% á tímabilinu. Á lokamánuðum ársins tóku loks að koma fram vísbendingar um að aukið peningalegt aðhald væri tekið að hafa áhrif, til dæmis á þróun íbúðaverðs og einkaneyslu.

Verg landsframleiðsla og framlag undirliða
Magnbreyting frá fyrra ári (%)



Skyggðar sölur og punktalínur: spá Greiningar Íslandsbanka / Heimild: Hagstofa Íslands

Raungengi íslensku krónunnar og viðskiptajöfnuður
Vísitala og hlutfall af VLF



Skyggðar sölur og punktalínur: spá Greiningar Íslandsbanka / Heimild: Seðlabanki Íslands

Útlit fyrir að 2023 verði ár aðlögunar í efnahag Íslands


Útlit er fyrir að hagvöxtur verði mun hægari á yfirstandandi ári en verið hefur, eða ríflega 3%. Útflutningsvöxtur verður væntanlega helsti drifkraftur hagvaxtar en framlag neyslu og fjárfestingar til vaxtar minnkar talsvert milli ára. Að sama skapi eru horfur á að vöxtur innflutnings verði umtalsvert hægari á árinu 2023 en undanfarin ár.

Aukin umsvif í ferðapjónustu munu væntanlega leika lykilhlutverk í vexti útflutnings á árinu enda eru horfur á að fjöldi ferðamanna kunni að fara yfir tvær milljónir í fyrsta skipti frá árinu 2019. Talsverð óvissa er þó um hvort, og þá hversu mikið, erfiðar efnahagsaðstæður muni draga úr ferðavilja fólks í Evrópu og Bandaríkjunum hingað til lands þótt enn sjáist þess lítil sem engin merki. Auk þess eru horfur á vaxandi útflutningi eldisfisks, áls og annarra iðnaðarvara ásamt auknum útflutningstekjum af hugverkanotkun svo nokkuð sé nefnt.

Hægari vöxtur kaupmáttar, áhrif hærra vaxtastigs og stöðugra atvinnuástand eru meðal áhrifapátta á hægari vöxt einkaneyslu á yfirstandandi ári en verið hefur síðustu misseri. Þá er útlit fyrir að umtalsverður vöxtur íbúðafjárfestingar og hóflegur vöxtur fjárfestingar atvinnuvega vegi þyngra en samdráttur í opinberri fjárfestingu og fjármunamyndun vaxi nokkuð frá fyrra ári. Hærra vaxtastig og dvínandi væntingar um rekstrarumhverfi margra fyrirtækja er meðal þeirra þátta sem draga munu úr fjárfestingarvilja og -getu í atvinnulífinu.


Kjarasamningar sem gerðir voru á stórum hluta almenns vinnumarkaðar í lok árs 2022 gefa tóninn um launapróun á árinu. Horfur eru á að laun hækki almennt um u.þ.b. 8% á yfirstandandi ári. Lægri tekjuhóparnir hækka hlutfallslega meira í launum en þeir tekjuhærri þó svo munurinn verði talsvert minni

Verðbólga eftir uppruna (%)



Heimild: Hagstofa Íslands

Skuldir heimila, fyrirtækja og hins opinbera % af VLF



Heimild: Seðlabanki Íslands

en síðustu ár þar sem um blöndu af krónutölu- og prósentuhækkun er að ræða að þessu sinni. Útlit er fyrir nokkuð spenntan vinnumarkað framan af ári og líklega mun atvinnuleysi áfram verða svipað að jafnaði á árinu og það var í lok síðasta árs, það er ríflega 3% af vinnuafli.

Útlit er fyrir að gengi krónu verði áfram lægra næsta kastið en það var að jafnaði á síðasta ári. Þegar lengra líður á árið aukast þó líkur á einhverri styrkingu krónu með hagfelldari viðskiptajöfnuði. Horfur fyrir viðskiptajöfnuð eru þó nokkuð tvísýnni fyrir árið í heild en áður var vænst.

Stöðugri króna, hægari verðhækkun á innfluttum vörum ásamt betra jafnvægi á íbúðamarkaði og minnkandi þenslu innanlands verða líklega lykilþættir í hjaðnandi verðbólgu á árinu 2023. Þar hefur aukið peningalegt aðhald Seðlabankans ekki síst áhrif. Útlit er fyrir að verðbólga verði að jafnaði ríflega 7% á árinu en hjaðni í ríflega 6% fyrir árslok. Talsverður innlendur kostnaðarþrýstingur er þó enn í pípunum og mun hann verða einn helsti verðbólguvaldurinn þegar fram í sækir. Stýrivextir Seðlabankans munu væntanlega verða nokkru hærri á árinu en var í lok síðasta árs. Á lokafjórðungi ársins gæti þó hægfara lækkunarferli vaxta hafist að því gefnu að verðbólga sé þá tekin að hjaðna töluvert.

Það er því aðlögunarferli framundan í íslensku hagkerfi þótt horfur um efnahag og atvinnuástand séu með betra móti í samanburði við ýmis nágrannalönd Íslands.





Árs- og sjálfbærniskýrsla 2022

8 Fjármál og fjármögnun



Fjármál og fjármögnun

Viðburðaríkt ár þar sem fjárhagsniðurstaða bankans endurspeglar góðan rekstur og sterkan efnahagsreikning.

Góður árangur á viðburðaríku ári

“

Árið 2022 var viðburðaríkt hjá Íslandsbanka þar sem reksturinn gekk vel og afkoman var góð. Arðsemi var 11,8% á árinu sem er umfram fjárhagsleg markmið bankans. Tekjumyndunin var sterk með 14,1% aukningu á árinu og var tekjuvöxtur hjá öllum tekjusviðum. Kostnaðarhlutfall var 42,1% sem er lækkun frá fyrra ári þegar það var 46,2%. Virðisbreyting útlána var jákvæð um 1,6 milljarð króna vegna rekstrarbata í ferðaþjónustu. Vöxtur útlána til bæði einstaklinga og fyrirtækja stuðlaði að 9,2% hækkun útlána. Innlán jukust um 6,2% og eru innlán stærsta stoð fjármögnunar bankans. Aðstæður á skuldabréfamörkuðum voru krefjandi á árinu og bankinn sýndi styrk sinn með aukinni fjölbreytni í fjármögnun. Bankinn gaf meðal annars út sínar fyrstu útgáfur á sértryggðum skuldabréfum í evrum og víkjandi skuldabréfum í íslenskum krónum. Bankinn er vel fjármagnaður og eru öll lausafjár- og eiginfjárlutföll yfir markmiðum og kröfum eftirlitsaðila. Stjórn bankans mun því leggja til á aðalfundi að greiddir verði tæplega 12,3 milljarðar króna í arð og er það í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans. Þá hefur bankinn í hyggju að ráðast í endurkaup eigin hlutabréfa með hefðbundnu endurkaupaferli að fjárhæð 5 milljarðar króna.

Jón Guðni Ómarsson
Fjármálastjóri



Rekstur

Vöxtur í kjarnastarfsemi grunnur að góðum árangri

Hreinar vaxtatekjur jukust um 42,9% á milli ára og námu 12,3 milljörðum króna á 4F22 samanborið við 8,6 milljarða króna á 4F21. Hækkunin milli ára skýrist að mestu af hærri vaxtaumhverfi og auknum inn- og útlánum á undanföllum fjórðungum. Stýrivextir Seðlabankans voru að meðaltali 5,9% á 4F22, samanborið við 1,7% á 4F21.

Vaxtamunur á heildareignum nam 3,1% á 4F22 samanborið við 2,4% á 4F21. Vaxtamunur á heildareignum árið 2022 var 2,9% (2,4% árið 2021). Vaxtamunur útlána var 1,8% á 4F22 (2,1% á 4F21) og vaxtamunur innlána var 2,1% á 4F22 (1,4% á 4F21).

Hækkun hreinnar þóknatekna um 10,5% milli ára er margþætt. Auknar þóknarir vegna greiðslumiðlunar, og gott gengi Allianz Ísland hf. eru meginþættir hækkunarinnar á fjórðungnum.

Heildartekjur af kjarnastarfsemi (hreinar vaxtatekjur og hreinar þóknatekjur) á 4F22 hækkuðu um 33,3% í samanburði við 4F21.

Stærsta breytingin í hreinum fjármunakostnaði á fjórðungnum skýrist að mestu leyti af sveiflum á fjármagnsmörkuðum.

Lágt kostnaðarhlutfall

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 13,5% á 4F22, samanborið við 4F21.

Hækkun á öðrum rekstrarkostnaði milli ára um 24,4% á 4F22 má rekja til ýmissa þátta. Helstu skýringar má rekja til aukinnar verðbólgu, dvínandi áhrif heimsfaraldurs COVID-19 á daglegt líf meðal annars með auknum ferðalögum, stefnumótunarvinnu og skuldbindingar vegna mögulegrar stjórnvaldssektar.

Fjöldi starfsmanna í móðurfélagi, að undanskildum árstíðabundnum starfsmönnum, var 700 í lok árs (702 í lok árs 2021) og 739 hjá samstæðu (735 í lok árs 2021).

Kostnaðarhlutfall var 42,5% á 4F22, samanborið við 45,3% á 4F21.

Skattar og gjöld

Virkur tekjuskattur á 4F22 var 26,7% fyrir samanborið við 19,1% á 4F21. Virkur tekjuskattur árið 2022 var 25,8% samanborið við 18,5% árið 2021. Hærra virkur tekjuskattur á 4F22 skýrist að mestu leyti af skattaáhrifum jákvæðra gangvirðisbreytinga á hlutabréfum á 4F21 samanborið við neikvæðar gangvirðisbreytingar á hlutabréfum á 4F22. Bankinn greiðir sérstakan fjársýsluskatt 6% á hagnað umfram einn milljarð króna. Einnig greiðir bankinn fjársýsluskatt og tryggingargjald vegna

starfsfólks. Þá greiðir bankinn framlög til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og Umboðsmanns skuldara. Í samræmi við nýja löggjöf þarf bankinn ekki að greiða iðgjöld í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta eftir 1F22. Það getur þó breyst í framtíðinni og ræðst af stöðu sjóðsins og stærð innstæðukerfisins. Heildarskattar og gjöld voru 3,1 milljarður króna á 4F22, samanborið við 2,3 milljarða króna á 4F21.

Virðisbreyting fjáreigna á fjórða ársfjórðungi


Virðisbreyting fjáreigna var neikvæð um 0,6 milljarða króna á 4F22 (4F21: jákvæð virðisbreyting um 0,6 milljarða króna) vegna óhagstæðara efnahagsumhverfis. Horfur með tilliti til virðisrýrnunar eru tiltölulega góðar vegna lítills atvinnuleysis og góðra hagvaxtarhorfa.

Hrein virðisbreyting (e. Cost of risk) sem hlutfall af meðalstöðu útlána á ársgrundvelli, var +0,22% fyrir 4F22 samanborið við -0,23% fyrir 4F21 og var -0,14% fyrir árið 2022.


Tekjuvöxtur ástæða góðrar afkomu

Hagnaður eftir skatta á fjórða ársfjórðungi nam 6,0 milljörðum króna (4F21: 7,1 milljarður króna) og arðsemi eigin fjár á tímabilinu var 11,1% á ársgrundvelli (4F21: 14,2%). Minni hagnaður sem nemur 1,1 milljarði króna skýrist einkum af auknum stjórnunarkostnaði, fjármunakostnaði og virðisrýrnun.


Arðsemi eigin fjár



Kostnaðarhlutfall



Hagnaður eftir skatta (m. kr.)



Efnahags- reikningur

Aukin útlán í fjölbreyttu og áhættuvörðu útlánasafni

Útlán til viðskiptavina jukust um 2,9% á fjórðungnum og um 9,2% á árinu 2022. Húsnæðislán jukust um 4,6 milljarða króna á 4F22 og í lok desember námu þau 43% af lánunum til viðskiptavina. Útlán til fyrirtækja hækkuðu um 27,1 milljarð króna á fjórðungnum. Útlán hjá Einstaklingum hækkuðu um 5,4 milljarða króna, Viðskiptabanki hækkaði um 9,1 milljarð króna og útlán hjá Fyrirtækjum og fjárfestum hækkuðu um 18,2 milljarða króna.

Tryggingar að baki útlánum til viðskiptavina eru almennt traustar, þar sem íbúða- og atvinnuhúsnæði eru stærstu hluti trygginga og fiskiskip koma þar á eftir. Vegið meðaltal veðsetningarhlutfalls (LTV) lánasafns bankans var 58% í lok 4F22 (63% í lok árs 2021) og veðsetningarhlutfall húsnæðislánasafns bankans var 60% í lok 4F22 (66% í lok árs 2021). Lækkun veðsetningarhlutfalls skýrist að mestu leyti af uppfærðu fasteignamati sem notað er fyrir um helming lánasafns bankans. Fasteignamatið byggir á markaðsverði frá 1F22 og er þá tekið tillit til hugsanlegra markaðssveifla á komandi misserum.

Breytilegir óverðtryggðir vextir á húsnæðislánum hafa hækkað um 3,95% síðan í lok árs 2021. Bankinn prófar þó fyrir hærri vöxtum og næmnigreining bendir ekki til þess að þörf sé á frekari virðisrýrnun þrátt fyrir hærri greiðslubyrði.

Árin 2024 og 2025 kemur að endurákvörðun vaxta verulegs hluta óverðtryggðra lána. Samkvæmt þjóðhagsspá Íslandsbanka, sem birt var 1. febrúar 2023, er gert ráð fyrir að stýrivextir muni taka að lækka aftur á fjórða ársfjórðungi 2023 með hægfara vaxtalækkun í átt að jafnvægisvöxtum, lækkunin gæti orðið á bilinu 1-1,5%. Stýrivextir gætu því verið um 4,0% í lok spátímans árið 2025 samanborið við 6,0% stýrivexti í lok árs 2022.

Fjórir liðir; handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands, útlán til lánastofnana, skuldabréf og skuldagerningar, og hlutabréf og eiginfjárgerningar nema samtals 351 milljarði króna og af því eru 312 milljarðar króna laust fé.

Veðsetningarhlutfall bankans var 26,5% í lok árs 2022, samanborið við 19,6 í lok árs 2021.

Sterkt eignasafn

Í lok 4F22 voru lán með umlíðun án laskaðs lánshæfis 3,8%, sem er lækkun úr 5,3% í lok 3F22 og lækkun úr 8,5% í lok árs 2021.

Í lok árs 2022 var hlutfall lána með laskað lánshæfi (á stigi 3) 1,8% en var 2,0% í lok árs 2021. Fyrir húsnæðislánasafn bankans var hlutfallið 0,7% í lok 4F22, óbreytt frá 3F22.


Lán til viðskiptavina með verulega aukningu í útlána-hættu (á stigi 2) voru 2,5% í lok árs 2022, og hafði lækkað úr 4,4% í lok 3F22. Fyrir húsnæðislánasafn bankans var hlutfall lána á stigi 2, 0,8% í lok árs 2022, óbreytt frá því sem var í lok 3F22.

Innlán áfram helsti fjármögnunarliður bankans


Fjármögnun bankans skal mæta útlánum hans og er bankinn helst fjármagnaður með innlánum, en einnig með útgáfum sértryggðra skuldabréfa og óveðtryggðra skuldabréfa.

Innlán frá viðskiptavinum jukust um 1,1% á 4F22. Innlán hjá Einstaklingum hækkuðu um 7,1 milljarð króna, innlán hjá Fyrirtækjum og fjárfestum hækkuðu um 17,7 milljarða


Útlán til viðskiptavina
(ma. kr.)



Útlán til viðskiptavina
(eftir atvinnugreinum 31.12.22)



Heildareignir
(ma. kr.)



króna og hjá Viðskiptabanka lækkuðu þau um 15,6 milljarða króna. Vel er fylgst með samþjöppunaráhættu í innlánnum, og var hún stöðug á 4F22.

Hlutfall útlána viðskiptavina á móti innlánnum viðskiptavina var 150% í lok 4F22 samanborið við 148% í lok 3F22. Innlán frá einstaklingum og fyrirtækjum eru helstu fjármögnunarliðir bankans og samsvara 45% af heildarfjármögnun bankans og eru 86% af innlánnum bankans í árslok.


Þann 15. nóvember lauk bankinn útboði á tveimur flokkum almennra skuldabréfa í íslenskum krónum þar sem heildareftirspurn nam 9,1 milljarði króna. Skuldabréfin voru græn skuldabréf gefin út undir sjálfbærum fjármögnunarramma bankans. Á fjórða ársfjórðungi nýtti bankinn sér innköllunarheimild víkjandi skuldabréfa að fjárhæð 750 milljónir sænskra króna sem telja til eiginfjárbáttar 2 (e. Tier 2) á gjalddaga árið 2027 og gekk einnig frá endurkaupatilboði í 300 milljón evra skuldabréfaútgáfu bankans sem var á gjalddaga í janúar 2024 með innköllunarheimild í janúar 2023.

Lausafjárstaða bankans helst sterk með öll hlutföll umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið. Lausafjárþekjuhlutfall (LCR) bankans hækkaði og var 205% í lok árs 2022, (2021: 156%). Lausafjárþekjuhlutfall í erlendum gjaldmiðlum var 492% í lok árs 2022 (2021: 235%) og lausafjárþekjuhlutfall í íslenskum krónum í lok árs 2022 var 109% (2021: 141%).

Fjármögnunarhlutfall (NSFR) var 118% í lok árs 2022, samanborið við 122% í lok árs 2021 og fjármögnunarhlutfall í erlendum gjaldmiðlum var 198% í lok árs 2022, en var 157% í lok árs 2021.

Í ljósi sterkrar lausafjárstöðu bankans í innlendri og erlendri mynt, kann að koma til þess að bankinn skoði endurkaup og/eða endurfjármögnun útstandandi skulda á árinu 2023.

Heildarlausafjárþekjuhlutfall




Eiginfjárlutföll vel yfir markmiðum

Heildar eigið fé nam 218 milljörðum króna í lok árs 2021, samanborið við 212 milljarða króna í lok 3F22 og 204 milljarða króna í lok árs 2021.

Eiginfjárgrunnurinn var 222 milljarðar króna í lok árs 2022, samanborið við 213 milljarða króna í lok 3F22 (228 milljarðar króna í lok árs 2021). Stjórn bankans mun leggja til við aðalfund bankans að greiddur verði arður til hluthafa sem nemur 12,3 milljörðum króna. Þetta jafngildir um 50% af hagnaði ársins 2022 og er í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans.

Bankinn hyggur á endurkaup á eigin bréfum sem samsvarar 5 milljörðum króna á komandi mánuðum í gegnum endurkaupaáætlun. Þetta er breyting frá 15 milljarða króna endurkaupum sem áður höfðu verið ráðgerð. Þeim 10 milljörðum króna sem útaf standa verður bætt aftur inn í eiginfjáráuka bankans, sem leiðir til þess að eiginfjárlutföll bankans hækka sem nemur 100bps. Bankinn hefur séð arðbæran vöxt útlána til viðskiptavina á árinu 2022 sem var umfram upphaflegar áætlanir og sér frekari tækifæri til að stækka útlánasafnið. Þá hafa Evrópski seðlabankinn og Seðlabanki Íslands,

Eiginfjárlutfall¹




í ljósi alþjóðlegrar efnahagsóvissu og óstöðugleika á fjármagnsmörkuðum, hvatt banka til að stíga varlega til jarðar þegar kemur að úthlutun eigin fjár á næstunni til að tryggja viðnám bankageirans. Bankinn hefur áform um að bæta enn frekar samsetningu eigin fjár fyrir lok árs 2024, háð aðstæðum á mörkuðum.

Fjármálaeftirlitsnefnd tilkynnti 22. júní 2022 um niðurstöðu könnunar og matsferlis 2022 vegna viðbótar eiginfjárfkrafa (Pillar 2-R). Samkvæmt niðurstöðunni er viðbótarkrafa á bankanum um eiginfjárgrunn 2,6% á áhættugrunni, sem er hækkun um 0,1% frá fyrra ári. Heildarkrafa bankans um eiginfjárgrunn, sem tekur tillit til samanlagðrar kröfu um eiginfjáráuka, hækkaði því úr 17,8% í 17,9%. Í lok september fór sveiflujöfnunarakinn úr 0% í 2,0% sem hækkaði á sama tíma eiginfjárfkrafa bankans úr 17,9% í 19,9%.

Í lok árs 2022 var eiginfjárlutfall bankans 22,2%, samanborið við 21,4% í lok september (25,3% í lok árs 2021). Samsvarandi hlutfall eiginfjárbáttar 1 var 19,8%, samanborið við 19,2% í lok september 2022 (22,5% í lok árs 2021). Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1 (CET1) var 18,8% sem eru yfir viðmiðum bankans (~16,5%).

¹ Að meðtöldum hagnaði fyrsta ársfjórðungs fyrir 31.3.22 og þriðja ársfjórðungs fyrir 30.9.22.

Vogunarlutfall



Breytinguna á eiginfjárlutfalli frá lokum 3F22 má rekja til hagnaðar á fjórða ársfjórðungi og lækkunar áhættugrunns sem hlutfalls af lánabók bankans.

Íslandsbanki notar staðalaðferð til að meta áhættugrunninn, sem var 999 milljarðar króna í lok árs 2022, samanborið við 1.013 milljarðar króna í lok september 2022 (902 milljarðar króna í lok árs 2021). Lækkun áhættugrunns á fjórða ársfjórðungi má rekja til minni lánveitinga til lánastofnana og lækkunar áhættuvægis tiltekinna húsnæðislána vegna breytinga á löggjöf. Áhættugrunnurinn samsvarar 63,8% af heildareignum í lok árs 2022, samanborið við 65,4% í lok þriðja ársfjórðungs 2022.

Vogunarlutfall var 12,1% í lok árs 2022, samanborið við 13,6% í lok árs 2021.

Bankinn fullnægir MREL-kröfum

BRRD I tilskipunin (2014/59/ESB) sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja var leidd í íslenskan rétt með lögum nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Þann 8. desember 2021 birti Skilavald Seðlabanka Íslands stefnu sína um lágmarks-

kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL-krafa: Minimum Required own funds and Eligible Liabilities) með vísan til 17. gr. framangreindra laga (MREL-stefnan).

Þann 29. september 2022 tilkynnti Skilavald Seðlabanka Íslands að skilaáætlun hefði verið samþykkt fyrir Íslandsbanka og þar með MREL-kröfu fyrir bankann. Ákvörðunin er byggð á áðurnefndri MREL-stefnu.


MREL krafa bankans er 21,2%, reiknuð í hlutfalli af áhættugrunni (e. Total Risk Exposure Amount – TREA) í árslok 2021 og á við frá áðurnefndri tilkynningu Skilavaldsins. MREL-krafan að viðlögðum eiginfjáráukum var 30,5% í lok árs 2022 og hlutfall bankans var 34,5% í árslok 2022. Krafa um undirskipan (e. Subordination) sem kveðið er á um í BRRD II tilskipuninni (2019/879/ESB) hefur ekki verið skilgreind fyrir bankann.

Hófleg markaðsáhætta

Markaðsáhætta er tilkomin vegna ójafnaðar í efnahagsreikningi samstæðunnar með tilliti til vaxtaáhættu, verðbólguáhættu og gjaldeyrisáhættu og eigna í lausafjár safni bankans sem Fjárfesting stýrir.

Bankinn ber áhættu vegna verðbólgu þar sem virði verðtryggðra eigna er meira en virði verðtryggðra skulda. Í árslok 2022 var munurinn 27,7 milljarðar króna samanborið við 41 milljón króna í lok árs 2021. Jöfnuðinum er meðal annars stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra skuldabréfa og verðtryggðum innlánsreikningum.

Gjaldeyrisjöfnuður var neikvæður um 1,6 milljarð króna (0,7% af eiginfjárgrunni) í árslok 2022, samanborið við neikvæðan um 327 milljónir króna (0,1% af eiginfjárgrunni) í lok árs 2021. Ójöfnuðir bankans eru undir reglulegu eftirliti og eru þeir vel innan viðmiða laga og reglna.






Árs- og sjálfbærniskýrsla 2022

9 Stjórnskipulag



Stjórnskipulag

Stjórnun og yfirráð yfir Íslandsbanka skiptast á milli hluthafa, stjórnar og bankastjóra í samræmi við samþykktir bankans og viðeigandi lög og reglur.



Samþykktir Íslandsbanka

Samþykktir Íslandsbanka kveða meðal annars á um tilgang bankans, hlutafé, hluthafafundi, kosningu stjórnar og skyldur hennar, sem og hvernig megi breyta samþykktum bankans.

Samþykktir Íslandsbanka

Eignarhald bankans

Bankinn birtir lista yfir hluthafa bankans sem eiga eignarhlut yfir 1%.

Hlutabréf í bankanum eru skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland. Bankasýsla ríkisins, fyrir hönd íslenska ríkisins, er stærsti hluthafinn í bankanum og fer með 42,5% eignarhlut, í samræmi við lög nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins og eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið ríkisins sem eiganda er að starfsemi bankans stuðli að trausti og trúverðugleika fjármálamarkaðar, samkeppni á fjármálamarkaði, og hámarki langtímvirði fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu.

Hluthafar Íslandsbanka

Stjórn og undirnefndir stjórnar

Stjórn Íslandsbanka hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemi hans gilda, góða viðskipta- og stjórnarhætti og þær reglur sem stjórn hefur sett um starfsemi bankans.

Stjórn Íslandsbanka

Á aðalfundi hvers árs eru kosnir sjö einstaklingar, auk tveggja varamanna, í stjórn bankans til eins árs í senn. Nánar er kveðið á um störf stjórnar í starfsreglum stjórnar.

Starfsreglur stjórnar

Undirnefndir stjórnar

Til þess að styðja við þróun, innleiðingu og eftirlit með viðfangsefnum stjórnar sem krefjast aukinnar sérþekkingar eða athygli skipar stjórn sérstakar undirnefndir stjórnar sem starfa samkvæmt erindisbréfi frá stjórn. Nefndirnar eru þrjár og eru allar skipaðar stjórnarmönnum. Erindisbréf nefndanna eru aðgengileg á vef bankans.

Áhættunefnd

Endurskoðunarnefnd

Stjórnarháttá- og mannauðsnefnd



Stjórn bankans

Nánari upplýsingar um stjórnarmeðlimi



Finnur Árnason
Fyrst kjörinn stjórnarmaður
og formaður stjórnar
í mars 2022



Anna Þórðardóttir
Fyrst kjörin í stjórn
í apríl 2016



Ari Danielsson
Fyrst kjörinn í stjórn
í mars 2022



Frosti Ólafsson
Fyrst kjörinn í stjórn
í mars 2020



Guðrún Þorgeirsdóttir
Fyrst kjörin í stjórn
í mars 2020



Herdís Gunnarsdóttir
Fyrst kjörin í stjórn
í október 2022



Tanya Zharov
Fyrst kjörin í stjórn
í mars 2022

Bankastjóri og ráðgefandi nefndir

Bankastjóri ber ábyrgð á að rekstur og starfsemi bankans sé, á hverjum tíma, í samræmi við samþykktir bankans, samþykktu stefnu, fyrirmæli stjórnar og viðeigandi lög.

Bankastjóri ræður framkvæmdastjóra yfir starfssvið bankans og skipar nefndarmenn í ráðgefandi nefndir bankastjóra. Ráðgefandi nefndir bankastjóra skiptast í stefnumótunarnefndir, sem sjá um innleiðingu á stefnu stjórnar, og viðskiptanefndir, sem taka afstöðu til einstakra viðskiptaerinda.

Framkvæmdastjórn og áhættustefnunefnd teljast til stefnumótunarnefnda og taka lykilákvarðanir er varða innleiðingu á þeirri stefnu sem mörkuð er af stjórn. Í þeim eiga sæti allir framkvæmdastjórar bankans auk annarra stjórnenda sem skipaðir eru af bankastjóra.

Framkvæmdastjórn hefur yfirsýn og samhæfir lykilþætti í starfsemi Íslandsbanka og fer með ákvörðunarvald í þeim málefnum bankans sem bankastjóri felur henni í samræmi við stefnu, markmið og áhættuvilja stjórnar.

Áhættustefnunefnd tekur lykilákvarðanir er varða innleiðingu á umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits og hefur eftirlit með því að áhættusnið bankans sé innan ramma yfirlýsingar stjórnar um áhættuvilja.

Viðskiptanefndir bankans taka afstöðu til einstakra viðskipta- og rekstrarerinda í samræmi við stefnu, reglur og önnur mörk sem samþykkt hafa verið af stjórn, framkvæmdastjórn eða áhættustefnunefnd. Viðskiptanefndir bankans eru **yfirlánanefnd**, **efnahagsnefnd**, **fjárfestingarráð**, **rekstrar- og öryggisnefnd**, **sjálfbærnnefnd** og **stafræn vörunefnd**.



Framkvæmdastjórn

Nánari upplýsingar um framkvæmdastjórn



Birna Einarsdóttir
Bankastjóri Íslandsbanka
frá 2008



Ásmundur Tryggvason
Framkvæmdastjóri
Fyrirtækja og fjárfesta
frá janúar 2019



Guðmundur Kristinn Birgisson
Framkvæmdastjóri
Áhættustýringar
frá október 2018



Jón Guðni Ómarsson
Framkvæmdastjóri
Fjármála
frá október 2011



Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir
Framkvæmdastjóri
Einstaklinga frá maí 2017



Ríian Dreyer
Framkvæmdastjóri
Upplýsingatækni
frá september 2019



Una Steinsdóttir
Framkvæmdastjóri
Viðskiptabanka
frá maí 2017

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til Íslandsbanka hf.



Inngangur

Við vorum ráðin af stjórn Íslandsbanka hf. (bankinn) til að veita álit með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) á *völdum upplýsingum* í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf Íslandsbanka fyrir árið 2022.

Umfang

Umfang vinnu okkar takmarkaðist við að leggja mat á:

- Kaflann „Sjálfbær Íslandsbanki“ á bls. 35 til 52 í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf bankans fyrir árið 2022. Meginefni kaflans er eftirfarandi:
 - UFS uppgjör bankans; umhverfispættir á bls. 42, félagslegir þættir á bls. 46 og stjórnarhættir á bls. 49
 - Sjálfbær útlán undir Sjálfbærum fjármálaráðgjöf á bls. 38
 - Kolefnisráðgjöf bankans fyrir árið 2022 á bls. 42
- Sjálfsmatsskýrslu Íslandsbanka við að uppfylla Viðmið um ábyrga bankastarfsemi (PRB) fyrir árið 2022, samkvæmt sniðmáti sem gefið er út af UNEP FI.

Saman: “*valdar upplýsingar*”

Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf bankans.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjórnar á Árs- og sjálfbærnisráðgjöf

Stjórn bankans og framkvæmdastjórn eru ábyrg fyrir að útbúa og stilla upp Árs- og sjálfbærnisráðgjöf bankans, og sjálfsmatsskýrslu fyrir Viðmið um ábyrga bankastarfsemi (PRB). Þessi ábyrgð felur í sér að innleiða og viðhalda innra eftirliti, viðhalda skrásetningu gagna og að meta matskennda liði sem skipta máli fyrir Árs- og sjálfbærnisráðgjöf, þannig að skýrslan sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð óháðs endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós álit með takmarkaðri vissu á völdu upplýsingunum sem tilgreindar eru að ofan byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað.

Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Information sem útgefinn er af IAASB. Staðfestingarverkefni með álit með takmarkaðri vissu felur í sér að senda fyrirspurnir, þá einna helst á þá aðila sem eru ábyrgir fyrir gerð Árs- og sjálfbærnisráðgjöf. Einnig eru gerðar greiningar á gögnum og aðrar aðgerðir sem veita takmarkaða vissu, líkt og skoðun á skjölum og prófun á úrtaki úr völdu upplýsingunum.

Aðgerðir sem framkvæmdar eru í staðfestingarverkefnum með takmarkaðri vissu eru af öðru eðli og umfangsminni en þær aðgerðir sem framkvæmdar eru fyrir staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance) í samræmi við alþjóðlega staðla IAASB um endurskoðun (e. IAASB's Standards on Auditing and other generally accepted auditing standards). Aðgerðirnar veita okkur þar af leiðandi ekki nægilega vissu um að við höfum fundið alla þá annmarka sem við hefðum fundið ef framkvæmdar hefðu verið aðgerðir fyrir staðfestingu á nægilegri vissu. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit með nægilegri vissu.

Óháði og gæðastjórnun

Ernst & Young ehf. lýtur ISQM 1 (e. International Standard on Quality Management), alþjóðlegum staðli um gæðakerfi, og heldur í samræmi við hann uppi alhliða gæðakerfi sem inniheldur t.a.m skjalfestar stefnur og reglur varðandi siðferðisráðgjöf, faglega staðla og viðeigandi kröfur í tengslum við laga- og regluverk. Við erum óháð Íslandsbanka og höfum uppfyllt aðrar kröfur um siðferðislega ábyrgð í samræmi við siðareglur endurskoðanda.

Álit

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til nokkurs annars en að *völdu upplýsingarnar* sem settar eru fram í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf bankans og PRB skýrslu sniðmáti bankans, séu að öllu verulegu leyti settar fram í samræmi við skilyrði.

Reykjavík, 9. febrúar 2023

Geir Steindórsson

Löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

